



Þessir glæsilegu reiðskjótar á Fjallabaksleið nyrðri tilheyra hópi hestamanna sem áðu í Hólaskjólí í fyrrinótt áður en leið þeirra lá áfram að Landmannalaugum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sópa til sín húsnæðislánum

Júní gæti orðið fyrsti mánuðurinn í langan tíma þar sem uppgreiðslur eru meiri en ný útlán lífeyrissjóða. Hafa tapað mikilli hlutdeild til bankanna á skömmum tíma. Mikil ásókn er í óverðtryggð lán bankanna.

FJÁRMÁL Hlutdeild lífeyrissjóða í nýjum húsnæðislánum hefur hrunið frá byrjun árs í takt við stóraukna eftirspurn eftir óverðtryggðum lánum. „Ef tölurnar fyrir útlán bankanna í júní eru réttar gæti hann orðið fyrsti mánuðurinn í langan tíma þar sem það eru meiri uppgreiðslur en útlán hjá lífeyrissjóðunum,“ segir Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs.

Nettó ný útlán lífeyrissjóða til heimila námu einungis 918 milljónum króna í maí samanborið við 27,5 milljarða útlán bankanna í júní. Tölurnar fyrir útlán lífeyrissjóða í júní hafa ekki verið birtar

» Hlutfall óverðtryggðra lána af húsnæðislánasafni bankanna hefur hækkað úr 38 prósentum upp í 43 prósent frá byrjun árs.

en umsvif bankanna gefa til kynna að töluverður samdráttur sé hjá mörgum sjóðum.

Harpa Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, segist hafa merkt töluverðar uppgreiðslur sjóðsfélaga á allra síðustu mánuðum. Bankarnir

hafi lækkað vexti meira en lífeyrissjóðirnir.

„An þess að hafa séð bækur bankanna er mín ágiskun sú að þeir eigi erfðara með að koma peningum í vinnu því samdráttur í hagkerfinu gerir það að verkum að þeir lána ekki eins mikið til fyrirtækja en vextir á húsnæðislánum eru lækkaðir til að lána meira til heimilanna,“ segir Harpa.

Ný óverðtryggð húsnæðislán banka til heimila, að frádregnum uppgreiðslum, hafa á síðustu þremur mánuðum numið samtals 146 milljörðum króna samkvæmt gögnum Seðlabanka Íslands. Á sama tímabili hafa ný verðtryggð

lán verið nettó neikvæð um 5,8 milljarða. Þá hefur hlutfall óverðtryggðra lána af húsnæðislánasafni bankanna hækkað úr 38 prósentum upp í 43 prósent frá byrjun árs.

„Vægi verðtryggingarinnar verður ekki neitt ef þetta heldur svona áfram. Þó að vextir hækki litillega í framtíðinni held ég að heimilin muni áfram sækja í óverðtryggð lán,“ segir Konráð S. Guðjónsson, aðstodarfamkvæmdastjóri Viðskiptaráðs og bætir við að allar forsendur séu fyrir því að vaxtastig verði lagt til lengri tíma litid. „Ef lágvaxtaumhverfið verður varanlegt deyr verðtryggingin drotni sinum.“ – þfh / sjá síðu 8

Veikur heima er tilnefning barst

LÍFIÐ Ólafur Arnalds hlaut sína fyrstu Emmy-tilnefningu fyrr í vikunni fyrir titillagid í bandarísku sjónvarpsþáttunum Defending Jacob.

Ólafur, sem lá veikur heima er hann frétti af tilnefningunni, segist vanalega rólegur yfir slíku. Þetta sé engu að síður skemmtilegt, sérstaklega ef um stór verðlaun sé að ræða.

Frá því að COVID-19 faraldurinn braust út hefur hann unnið í nýrri tónlist sem er væntanleg bráðlega. – fbl / Sjá síðu 38



ÚTSALA


27.07 – 16.08

SJÁDU
ÖLL TILBOÐIN
Á ELKO.IS

ELKO



Veður



Hæg breytileg átt, skýjað með köflum og stöku smáskúrir. Hiti 9 til 16 stig að deginum. **SJÁ SIÐU 26**

Vilja samvinnu við stjórnvöld

LÖGREGLUMÁL „Samherji mun áfram eiga samskipti við þar til bær stjórnvöld sem sýnt hafa vilja til gagnkvæmrar samvinnu og bjóða fram aðstoð vegna rannsóknna á ásökunum sem tengjast starfsemi í Namibíu,“ segir Eiríkur S. Jóhannsson, formaður stjórnar Samherja, í yfirlýsingu í gær vegna loka rannsóknar norsku lögmansstofunnar Wikborg Rein á umsvifum Samherja í Namibíu og meintum lögbrotum þar í landi.



Eiríkur S. Jóhannsson

Eiríkur segir í yfirlýsingunni að nú hafi Wikborg Rein, að lokinni átta mánaða vinnu, skilað ítarlegri skýrslu með helstu niðurstöðum. Skýrslan hefur ekki verið birt opinberlega og uppgefinn tengiliður Samherja vegna yfirlýsingarinnar svaraði ekki ósk Fréttablaðsins um samtalið við Eirík eða aðra hjá fyrirtækinu til að fá nánari skýringar á því sem fram kemur í yfirlýsingu stjórnarformannsins.

Í yfirlýsingunni segir hins vegar að þegar Wikborg Rein hafi fundað með fulltrúum víðeigandi stjórnvalda þurfi að taka afstöðu til fjölmargra atriða. „Þar á meðal hvaða niðurstöður rannsóknarinnar er hægt að birta opinberlega og hvernig. Í því sambandi þarf að meta hvort birting kunnri að hafa áhrif á rannsóknir í öðrum ríkjum. Þá þarf að meta hvort birting á upplýsingum gangi í berhöggi við lög og reglur vegna þeirra einstaklinga sem kunna að koma við sögu.“

Enn fremur segir að þegar liggja fyrir samkomulag um að lögmenn Wikborg Rein eigi fund með embætti héraðssaksóknara með hausti. „Þá hafa nokkrir fundir verið haldnir með fulltrúum namibískra stjórnvalda til að kanna grundvöll fyrir svipuðu samstarfi við þau,“ segir í yfirlýsingunni. –gar

Þeir fiska sem róa



Þetta þríeyki kom á hægri siglingu á sjónum með fram Sæbraut í gær og stefndi í átt að innsiglingunni að Reykjavíkurböfn. Meðferðis höfðu bátsverjar veiðistöng og reyndu fyrir sér. Ekki var gott að sjá úr landi hvernig aflaðist en eitt er vist og það er að þeir fiska sem róa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Forseti Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Frestar móttöku vegna COVID-19

STJÓRNSÝSLA Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, frestar móttöku fyrir ættingja og vini á Bessastöðum í kjölfar innsetningarathafnar á laugardag um ótiltekinn tíma.

„Þessu ráða sóttvarnasjónarmið og aukin hætta á veirusmitum að mati sérfræðinga,“ segir í bréfi sem var sent á fyrirhugada gesti.

Forsetahjónin hvetja alla til að fylgja öllum ábendingum, leiðbeiningum og tilmælum sóttvarnaryfirvalda og almannavarna. „Við megum ekki láta deigan síga í baráttu okkur við þennan vággest.“ –gar

Gísli Rúnar var maður sem gat grínað yfir sig

Hæfileikamaðurinn Gísli Rúnar Jónsson er fallinn frá. Gísli Rúnar var einn dádasti skemmtikraftur landsins og brautryðjandi á því sviði. Hugmyndaauðgin, húmorinn og allir hæfileikarnir eru samstarfsfólki ofarlega í huga.

SAMFÉLAG Gísli Rúnar Jónsson féll frá þann 28. júlí síðastliðinn, 67 ára að aldri. Eftir hann liggja ógrynni öll af persónum og verkum sem lifa munu áfram með þjóðinni.

Leikstjórinn Þórhildur Þorleifsdóttir segir að fallinn sé frá mikill hæfileikamaður sem verði sárt saknað. Samvinna þeirra spannaði hálfa öld eða allt frá því að Gísli Rúnar birtist skyndilega fyrir framan útidyr hennar og eiginmanns hennar, Arnars Jónssonar, á Akureyri og vildi nema leiklist.

„Ég hafði aldrei séð þennan pilt fyrr og man sérstaklega hvað klæðaburður hans var sérstakur. Hann var klæddur í glæsilegan ullarfrakka og hélt á stressstösku þannig að hann minnti helst á háttsettan opinberan starfsmann. Mér brá síðan þegar í ljós kom að hann var bara á sautjándra aldursári,“ segir Þórhildur og hlær að minningunni.

Þórhildur segir hæfileika Gísla Rúnars hafa verið augljósa og að samvinna þeirra í leikhúsinu hafi verið afar ánægjuleg. „Hann var sjéni og það er ekki auðvelt að vera sjéni. En það var frábært að leikstýra honum og þá má ekki gleymast að hann var einn okkar allra bestu þjóðandi.“

Þjóðingarnar lágu svo vel fyrir Gísla Rúnari að oft skilaði hann inn fjölmörgum hugmyndum um hvernig tilteknar setningar skyldu vera þýddar.

„Gallinn var sá að tillögurnar voru ídulega allar svo góðar að maður lenti í stökustu vandræðum. Ég bað hann því oft sjálfan um að velja það sem honum þætti best, ég gæti ekkert staðið í þessu,“ segir Þórhildur kímín.

Gísli Rúnar átti auðvelt með að



Gísli Rúnar Jónsson, þjóðandi og skemmtikraftur með meiru. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hann var sjéni og það er ekki auðvelt að vera sjéni.

Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri

skapa eftirminnilegar persónur og ein sú minnisstæðasta sem hann átti þátt í er brúðan Páll Vilhjálmsson sem vann hug og hjörtu landsmanna á sínum tíma. Kjarabaráttan við Sjónvarpið varð til þess að Gísli Rúnar gaf út hina sigildu hljómplötu Algjör Sveppur sem byggðist á Páli án þess að það kæmi fram vegna réttindamála.

„Ég var aðdáandi og þegar verið var að ákveða heitið á okkar fyrstu kvikmynd – „Algjör Sveppi og leitinn að Villa“ – var nafnið augljós tilvísun í verk Gísla Rúnars,“ segir

skemmtikrafturinn Sverrir Þór Sverrisson, Sveppi. Sú tilvísun var tekin alla leið er Gísli Rúnar skrifaði handrit á barnaleikritinu „Algjör Sveppi“ árið 2010 með Sveppi í aðalhlutverki.

„Ég fékk áfall þegar Gísli Rúnar færði okkur handritið að sýningunni. Þetta voru um 200 síður og hugmyndaauðgin ótrúleg. Ef einhver maður gat grínað yfir sig þá var það Gísli Rúnar,“ segir Sveppi. Hann og leikstjóri sýningarinnar, Felix Bergsson, hafi átt fullt í fangi með að velja bestu bitana svo sýningin yrði ekki heill skóladaður að lengd.

„Ég nóttráði af stressi þegar Gísli Rúnar kom á sýninguna en sem betur fer hló hann manna mest. Hláturinn var svo smitandi að ég vildi að hann hefði mætt á hverja einustu sýningu.“

bjornth@frettabladid.is

ITALSKAR flísar
HÖNNUN, GÆÐI & GLÆSILEIKI

ALFABORG
- allt á gólfjöð -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Saman gefum við
5 krónur

af lítranum í dag, 30. júlí
og styrkjum Slysavarna-
félagið Landsbjörg

-26 kr.*

að auki, fyrir lykil- og korthafa í Vínahópi Olís og ÓB

*Afslátturinn gildir á öllum Olís- og ÓB-stöðvum landsins nema við Arnarsmára, Bæjarlind og Fjarðarkaup. Þar gildir alltaf lægsta verð ÓB.

FJÓRFALDIR VILDARPUNKTAR ICELANDAIR

hjá Olís og ÓB alla verslunarmannahelgina, 30. júlí-3. ágúst

ICELANDAIR 



Allir sem eru nú þegar með lykil eða kort frá Olís eða ÓB eru sjálfkrafa í Vínahópnum og njóta afsláttar og annarra sérkjara þegar greitt er með lykli eða korti.

Kynntu þér Vínahópin á olis.is

Vinur við veginn



Afskrift á álverinu ekki sögð hafa áhrif á viðræðurnar við ÍSAL

ÍBNADUR Sú ákvörðun Rio Tinto Alcan að afskrifa álverið í Straumsvík úr bókum sínum hefur engin áhrif á samningaviðræður fyrirtækisins við Landsvirkjun. Þetta segir Ragnhildur Sverrisdóttir, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar.

„Okkur er fyllilega kunnugt um erfiða stöðu á álmörkuðum og höfum leitast við að styðja viðskiptavinum okkar af því tilefni, Rio Tinto sem aðra,“ segir Ragnhildur og bætir við:

„Við gerum áfram allt sem í valdi okkar stendur til að koma til móts við mikilvæga viðskiptavinum og höfum lagt fram tilboð sem gerir ÍSAL mjög samkeppnishæft, en við látum ekki íslensku þjóðina niðurgreiða framleiðslukostnað alþjóðlegra stórfyrirtækja.“

Alls nemur afskrift Rio Tinto á starfseminni í Straumsvík 269 milljónum Bandaríkjadala, eða sem nemur 37 milljörðum króna. Þetta kemur fram í uppgjöri félags-



Álver Ísal í Straumsvík. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

ins fyrir fyrri helming árs 2020. Í skýringum með uppgjörinu kemur fram að fyrirtækið hafi gert margar tilraunir til „að eiga í uppbyggilegum viðræðum við Landsvirkjun, en hafi nú komist að þeirri niðurstöðu að Landsvirkjun sé ekki reiðubúin að lækka raforkuverð [til ÍSAL] sem einhverju nemur.“

Jafnframt sagði Rio Tinto að ef ekki næðist að gera bragarbót á stöðu þeirra gagnvart Landsvirkjun sé fyrirtækinu sá eini

kostur mögulegur að slíta raforkusamningnum og hefja lokun álversins. Rio Tinto lokaði nýverið einu álvera sinna við Tiwai Point á Nýja-Sjálendi. Álverið við Tiwai Point tapaði um 46 milljónum dala á árinu 2019, eða um 6,5 milljörðum króna.

Til samamburðar tapaði álverið í Straumsvík um 13 milljörðum króna á síðasta ári, en er framleiðslugeta Straumsvíkur þó nærri helmingi minni en Tiwai Point. – thg



Stokkhólmsbúar halda sig frekar en áður á heimaslóð. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Síminn sér Svía sækja í fjallasali

SVÍÞJÓÐ Þó að einmitt þessar vikurnar sé helsti sumarfrístími Svía hefur dregið verulega úr ferðalögum þeirra miðað við sama tíma í fyrra að sögn sænska ríkissjónvarpsins. Þó eru nokkur svæði sem þetta á ekki við um.

„Það er meiri hreyfing á vissum fjallasvæðum,“ er haft eftir Kristofer Ágren, yfirmanni gagnagrein- inga hjá símafyrirtækinu Telia. Byggja tölurnar á gögnum sem Telia safnar upp úr símanotkun Svía. Leiða gögnin meðal annars í ljós að umferðin út úr stórborgunum hefur minnkað um fimmtingu.

Í Gotlandi var óttast að þröngt yrði á þingi en raunin er sú að ferðafólki þar fækkar um fjórðung. Hins vegar eru nokkrir staðir sem finna fyrir aukningu. Á það meðal annars við um Åre och Härjedalen. – gar

Milt og blautt

VEÐUR „Það er að koma lægð úr suðri aðfaranótt föstudags og það verður blautt og vindasamt á landinu,“ segir Haraldur Eiríksson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands.

Viðvörðun er vegna vindstrengs með suðausturströndinni á föstudag. „Á laugardag verður vindurinn hægari og áframhaldandi úrkoma en sennilega litil á Norðurlandi. Á sunnudaginn hangir lægðin áfram yfir en ekki verður mikill vindur eftir í henni. Þetta er milt en frekar blautt,“ segir Haraldur. gar

Yfirmaður á COVID-deild vill herða reglur og forða stórslysi

Fyrrum yfirlæknir COVID-19 teymis Landspítalans hvetur heilbrigðisráðherra eindregið til þess að herða aðgerðir fyrir stærstu ferðahelgi ársins. Hann hefur áhyggjur af því að smitakning gangi illa. Alþingismaður telur einangrun og höft alvarlegra vandamál enda útlit fyrir að veiran verði á sveimi næstu ár.

COVID-19 Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra, liggur nú undir feldi með minnisblað frá sóttvarnalækni sem inniheldur tillögur um hertari aðgerðir í baráttunni við kórónaveiruna. Ljóst er að verið er að skoða hvort breyta þurfi áherslum á landamærum sem og frekari aðgerðir innanlands, til dæmis breytingar á fjöldatakmörkunum og mögulega innleiðingu á tveggja metra reglunni í einhverju formi.

Ragnar Freyr Ingvarsson læknir var umsjónarmaður COVID-19 göngudeildar Landspítalans á meðan faraldurinn reis sem hæst fyrr á árinu. Hann var gagnrýninn á þá ákvörðun stjórnvalda að opna landið þann 15. júní síðastliðinn og sagði önnur sjónarmið greinilega ráða för en heilbrigði Íslendinga. Ákvörðunin hafi verið tekin án viðtæks samráðs við heilbrigðisstarfsfólk og núna bendi margt til þess að í óefni sé komið.

„Ég mæli eindregið með því að yfirvöld hlusti á raddir heilbrigðisstarfsfólks og bregðist hratt við með harðari aðgerðum og ítarlegri skimun. Að mínu mati er tækifæri til þess að forða stórslysi með því að innleiða slíkar reglur fyrir verslunarmannahelgina. Við verðum að snúa vörn í sókn,“ segir Ragnar Freyr.

Hann segir margt benda til þess að einkennalítlir smitberar séu úti í samfélaginu. „Það er mjög óþægilegt að vita til þess að fjórir ólíkir hópar hafi smitast af veirunni og ekki hafi tekist að finna sameiginlegan snertiflöt þessara hópa. Við



Ragnar Freyr Ingvarsson hvetur heilbrigðisráðherra til þess að herða aðgerðir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Skilaboð þeirra hafa þvert á móti verið þau að við munum þurfa að lifa með þessari veiru næstu árin.

Sigríður Á. Andersen



verðum að vera á varðbergi.“

Skilaboð Ragnars eru skýr. „Ég held að Íslendingar ættu að forðast fjöldaskemmtanir og njóta helgar-

innar í faðmi sinnar nánustu,“ segir læknirinn.

Ljóst er að skoðanir eru skiptar. Sigríður Á. Andersen, alþingismaður og fyrrum ráðherra, birti hugleiðingar á Facebook-síðu sinni þar sem hún sagði greinilega farið að örla á nýju markmiði heilbrigðis- yfirvalda. Áður hafi verið talað um „að fletja út kúrfuna“ en nú sé markmiðið að ekkert smit greinist hérlandis.

„Samkvæmt helstu sérfræðingum í þessum efnun er það þó allsendis óraunhæft markmið. Skilaboð þeirra hafa þvert á móti verið þau að við munum þurfa að lifa með þess-

ari veiru næstu árin. Verkefnið hlýtur því að vera að undirbúa okkur fyrir það. Ekki með hræðsluáróðri eða siendurteknum opinberum hugleiðingum um „skref til baka“ í átt að einangrun og hafta sem við vitum nú þegar að hefur feigðina í för með sér þótt ekki endilega af völdum C19,“ skrifði Sigríður.

Hún kallar eftir því viðhorfi stjórnvalda að upplýsingum um sjúkdóminn og meðhöndlun hans verði miðlað með jákvæðum hætti svo hver og einn, ekki síst þeir sem tilheyra viðkvæmum hópum, geti lagt mat á eigin lífsstíl á næstu miss- erum. bjornth@frettabladid.is

FERÐASTU UM ALLT ÍSLAND

Á ALVÖRU JEPPA MEÐ ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIFI

JEEP® WRANGLER RUBICON

FAANLEGUR MEÐ 35", 37" EÐA 40" BREYTINGU

STAÐALBUNADUR M.A.:

- BENSÍN 273 HÖ / DÍSEL 200 HÖ
- 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- ROCK-TRACK® FJÓRHJÓLADRIF
- SELECT-TRAC® MILLIKASSI
- TRU-LOCK® 100% DRIFLÆSINGAR AÐ FRAMAN OG AFTAN
- AFTENGJANLEG JAFNVÆGISSTÖNG AÐ FRAMAN
- HEAVY DUTY FRAM- OG AFTURHÁSIG
- BAKKMYNDAVÉL MEÐ BÍLASTÆÐAÐSTÖÐ

VERÐ FRÁ: 11.990.000 KR.



BÍLL Á MYND: JEEP WRANGLER RUBICON 35" BREYTTUR



Nýr JAZZ e:HEV

Hybrid sem örvar



5 ÁRA ÁBYRGÐ
HONDA Á ÍSLANDI

Ný og glæsileg Jazz-lína er komin á sviðið.

Nýja Jazz-línan er hönnuð með tæru samfelldu sniði sem hefur lítið viðnám og er einfaldlega glæsilegt. Jazz Crosstar er nýr í hópnum. Hann er hannaður fyrir virkan lífsstíl þar sem útlitið er nútímalegt og hraustlegt. Upplifðu næstu kynslóð e:HEV blendingstækni sem veitir rafmagnaða og kraftmikla akstursupplifun með frábærum afköstum og hagkvæmi ásamt lítilli losun.

Komdu í heimsókn í Honda á Fosshálsi 1 og upplifðu nýjan Honda Jazz og Crosstar.

Honda Jazz hybrid kostar frá
3.790.000 kr.

Sjálfskiptur, 109 hestöfl,
meðaleyðsla 4,5 l/100km^{WLTP}



ASKJA · Krókhálsi 11 - 13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Honda á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/honda.island

Lögreglustjóri segir Covid-reglur hafa verið hunsaðar á Ólafsvöku

FÆREYJAR Eftir opunarathöfn hinnar árlegru Ólafsvöku á þriðjudegskvöld í Þórshöfn í Færeyjum sagði Michael Boolsen lögreglustjóri að Færeyingar virtust hafa metið Ólafsvökuhefðirnar ofar öryggisreglum vegna Covid-19.

Að sögn vefsíðu færeyska ríkisútvarpsins vísaði Boolsen þar í ótal brot á tilmælum um fjarlægð milli manna.



Frá Ólafsvökunni sumarið 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/SAR

„Að biðja almenning um að halda Ólafsvökuna hátíðlega á annan hátt en venjulega í ár er dálítið eins og að biðja fólk um að sleppa jóluum,“ er haft eftir lögreglustjóranum.

„Lögreglan hefur ekki heimild til að framfylgja fjarlægðarreglum. Allt sem við getum gert er að biðja fólk um að virða leiðbeiningarnar,“ bætti Boolsen við.

Hátíðarhöldin voru alla nóttina.

Allt sem við getum gert er að biðja fólk um að virða leiðbeiningarnar.

Michael Boolsen, lögreglustjóri í Þórshöfn í Færeyjum

Lögreglumenn fóru um og minntu þá sem voru úti við að halda öruggri fjarlægð við daufar undirtekir eins og áður segir.

Þá þurftu laganna verðir að fást við marga sem voru drukknir á götum Þórshafnar að sögn færeyska ríkisútvarpsins. Fáeinir þústrar og slagsmál sem brotist hafi út hafi að lokum verið leyst að síðaðra manna hætti. – gar



Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.

Vísá frá kvörtun um gjaldskrá

STJÓRNÝSLA Kvörtun Félags atvinnurekenda (FA) vegna Íslands-pósts ohf. (ÍSP) hefur verið vísað frá vegna aðildarskorts. Þetta er niðurstaða Úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sem staðfestir ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 1/2020 þar að lútandi.

Kvörtun FA laut að gjaldskrá ÍSP fyrir pakkasendingar innan alþjónustu, en félagið taldi að um ólög-mæta niðurgreiðslu væri að ræða sem skaðaði samkeppnishagsmunum fjögurra tiltekinna fyrirtækja innan félagsins.

Í úrskurði úrskurðarnefndarinnar kemur fram að aðild hagsmunasamtaka að slíkum málum sé háð því skilyrði að slík hagsmunagæsla samrýmist tilgangi félagsins og að umtalsverður fjöldi félagsmanna eigi beina, verulega og lögvarða hagsmunum af úrlausn málsins. „Í ljósi þess að fyrirtæki innan vébanda FA eru um 180 talsins af ýmsum stærðum og gerðum og starfa á mörgum og ólíkum sviðum atvinnulífsins taldi PFS að ekki væri uppfallt skilyrði um að umtalsverður fjöldi félagsmanna FA ætti beinna, sérstakra, verulegra og lögvarinna hagsmuna að gæta af úrlausn kvörtunarmálsins, segir í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar og hefur úrskurðarnefndin nú staðfest þá niðurstöðu. – að



Rannsóknaskipið Árni Friðriksson.

Minna af makríl

SJÁVARÚTVEGUR Mun minna er af makríl í íslenski lögsögu heldur en undanfarin ár. Þetta sýna bráðabirgðaniðurstöður árlegs sumarleiðangurs í Norðurhöfum sem hófst í byrjun júlí og rannsóknaskipið Árni Friðriksson tók þátt í.

Í tilkynningu frá Hafrannsóknastofnun segir að einnig hafi mælst minna af kolmunna samanborið við fyrri ár en svipað magn af síld.

Alls tóku sex skip frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi þátt í leiðangrinum og verða gögn frá þeim tekin saman og greind í ágúst mánuði. Auk rannsókna á uppsjárviskerfinu voru tekin sýni úr miðsjávarlögum fyrir tvö alþjóðleg rannsóknarverkefni sem Hafrannsóknastofnun er aðili að. – sar

Flestir nota einkabílinn til að sækja þjónustu á Laugaveginum

Um tveir þriðju þeirra höfuðborgarbúa sem sækja verslun og þjónustu á Laugaveginum nota einkabíl til að komast þangað. Fáir leggja þó á Laugaveginum. Formaður skipulags- og samgönguráðs segir jákvætt hversu margir sækja þjónustu á Laugaveg en um 85 prósent höfuðborgarbúa hafa gert það undanfarið ár.

REYKJAVÍK Rúmlega tveir af hverjum þremur íbúum höfuðborgarsvæðisins sem sóttu verslun og þjónustu við Laugaveg síðastliðna tólf mánuði komu þangað á einkabíl. Þetta sýna niðurstöður nýrrar könnunar sem Zenter rannsóknir gerðu fyrir Fréttablaðið.

Alls sögðust rúm 84 prósent hafa sótt verslun og þjónustu við Laugaveg undanfarna tólf mánuði. Eins og fyrr segir komu flest þeirra þangað með einkabíl en rúm 16 prósent komu oftast fótgangandi, rúm ellefu prósent með strætó og rúm þrjú prósent á hjóli.

Hlutfall þeirra sem oftast komu á Laugaveg á einkabíl eykst með hærrí aldri, þó með þeirri undantekningu að hlutfallið er nokkuð hærri hjá 18-24 ára en hjá 25-44 ára.


Þá var nokkur munur á svörum fólks eftir búsetu. Þannig sögðust tæp 57 prósent Reykvíkinga oftast koma með einkabíl, tæpur fjórðungur oftast fótgangandi, rúm ellefu prósent með strætó og um fimm prósent á hjóli.

„Það jákvæða er að það segjast langflestir sækja þjónustu og verslun í miðbæinn. Það er líka mjög áhugavert hvað miðbærinn virkar líka sem ákveðinn hverfiskjarni og fólk sem býr nálægt er líklegri til að sækja þjónustu þangað,“ segir Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður skipulags- og samgönguráðs borgarinnar.

Hlutfall þeirra sem koma oftast á bíl var á bilinu 81 til 94 prósent í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og hjá íbúum landsbyggðarinnar.

Íbúar á höfuðborgarsvæðinu

Hvaða samgöngur hefur þú notað oftast sl. 12 mánuði þegar þú sækir verslun og þjónustu við Laugaveg?




Einkabíl	67,2
Fótgangandi	16,2
Strætó	11,2
Hjólandi	3,4
Annað	2,0

Einnig var nokkur munur á ferðavenjum fólks eftir menntun. Þannig nota áberandi færri einstaklingar sem lokið hafa háskólamenntun einkabíl þegar þeir sækja verslun og þjónustu á Laugaveg en aðrir hópar.

Þeir sem oftast nota einkabíl voru einnig spurðir að því hvar þeir legðu bílnum oftast. Rúm 28 prósent notast við bílastæðahús í nágrenninu, tæp 28 prósent leggja við aðliggjandi götur, um fjórðungur í bílastæðum í nágrenninu en tæp ellefu prósent leggja við Laugaveg.

Sigurborg segir þær niðurstöður

Hvar leggur þú bílnum oftast þegar þú sækir verslun og þjónustu við Laugaveg?



Bílastæðahús í nágrenninu	28,3
Aðliggjandi götur Laugavegar	27,9
Bílastæði í nágrenninu	24,9
Við Laugaveg	10,8
Annað	8,1

nokkuð rökréttar. „Það eru svo fá bílastæði á Laugaveginum sjálfum og því eðlilegt að langflestir leggi annars staðar. Í heildarsamhenginu skiptir aðgengi mestu máli. Þá eru það ekki endilega stæðin sem eru fimm metra frá verslunardyrnum sem skipta máli.“

Sigurborg bendir líka á að það sé í raun komin verslun og þjónusta í flestar hliðargötur, Hverfisgötu og aðrar nálægar götur. „Þannig að fólk er ekki einhliða að sækja þjónustu á Laugaveginum heldur í miðbæinn.“ Konur eru líklegri en karlar til að

Það jákvæða er að það segjast langflestir sækja þjónustu og verslun í miðbæinn. Það er líka mjög áhugavert hvað miðbærinn virkar líka sem ákveðinn hverfiskjarni og fólk sem býr nálægt er líklegri til að sækja þjónustu þangað.

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, formaður skipulags- og samgönguráðs



nota bílastæðahúsin og hið sama gildir um tekjuhærri hópa sem nota húsin meira en tekjulægri hópar. Þá er fólk á aldrinum 24-54 ára mun líklegri til að nota bílastæðahúsin heldur en yngri og eldri hópar.

Síðastliðinn vetur var samþykkt að gera hluta Laugavegar, Skólavörðustígs og Vegamótastígs að varanlegum göngugötum. Til stendur að útvíkka svæðið í áföngum þannig að allur Laugavegur að Hlemmi verði varanleg göngugata.

Könnunin sem var send á könnunarhóp Zenter var framkvæmd 16. til 28. júlí. Í úrtaki voru 2.600 manns 18 ára og eldri en svarhlutfall var rúm 55 prósent. Gögnin voru greind eftir kyni, aldri og búsetu. sighvatur@frettabladid.is

Hrognasala studdi við afkomu Vinnslustöðvarinnar

SJÁVARÚTVEGUR Sala á birgðum af loðnuhrognum var meðal þess sem studdi við stöðugar rekstrartekjur Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum (VSV) milli ára þrátt fyrir brest á loðnuvertíð,“ segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri VSV.

Tekjur fyrirtækisins drógust saman um innan við tvö prósent á árinu og námu um 69 milljónum evra á síðasta ári, þrátt fyrir að engin loðna hefði verið veidd á árinu, samanborið við tæplega 20 þúsund tonna loðnuafli árið áður. Hagnaður eftir skatta jókst um 28 prósent og var 8,6 milljónir evra.

VSV brást við loðnubresti með breyttri birgðastýringu. Við árslok 2019 námu afurðabirgðir rétt um fimm milljónum evra, samanborið við tíu milljónir árið áður. Sigurgeir Brynjar segir að loðnubresturinn hafi haft þau áhrif að verð á loðnuhrognum hafi hækkað mikið á heimsmarkaði.

Góð birgðastaða VSV á hrognum



Sigurður VE er eitt skipa Vinnslustöðvarinnar. MYND/ÓSKAR P. FRÍDRÍKSSON

» Tekjur Vinnslustöðvarinnar drógust saman um innan við tvö prósent þrátt fyrir að engin loðna hefði verið veidd.

hafi því komið sér vel. Eitt dótturfyrirtækjanna vinnur loðnuhrogn fyrir Japansmarkað sem notar þau fyrst og fremst í sushi, sem er eftir sem áður afar vinsæll réttur þar í landi og jafnvel talinn ómissandi.

VSV er ekki eina útgerðarfyrirtækið sem náði að hagnýta sér snarhækkandi verð á loðnuhrognum. Greint var frá því í febrúar að Loðnuvinnslan á Fáskrúðsfirði hefði selt töluvert af loðnuhrognum frá vertíðinni 2018 á síðasta ári. Jókst hagnaður Loðnuvinnslunnar á Fáskrúðsfirði hraustlega á síðasta ári og hljóðaði upp á ríflega tvo milljarða króna eftir skatta, borið saman við 700 milljóna hagnað á árinu 2018. – thg

VIÐ ELSKUM AÐ

GRILLA



25%
afsláttur

Grilleiðbeiningar

Til að fá góða skorpu og safaríkt kjöt, er best að setja álpappír undir kjötið. Við mælum með að grilla við háan hita fyrst, lækka hann svo smám saman og leyfa kjötinu að grillast við vægan hita. Lambalæri er best við 60-63°C kjarnhita og getur það tekið frá 1-2 klukkustundir að ná því. Fer eftir krafti grillsins. Látið kjötið standa í 10 mínútur við stofuhita áður en það er skorið.



Spennandi steikarsósur sem þú verður að prófa

Verð frá **499** kr/stk

Hagkaups grillæri

Sérvalið íslenskt lambalæri með ferskum kryddjurtum, sítrónuberki og hvítlauk

2.174 kr/kg

Verð áður 2.899 kr/kg



15%
afsláttur

Sérvaldar íslenskar lambalæris-sneiðar með salvíu, oregano og chilli

2.719 kr/kg

Verð áður 3.199 kr/kg



15%
afsláttur

Hagkaups nautavöðvi með kryddjurtasmjöri

2.889 kr/kg

Verð áður 3.399 kr/kg



25%
afsláttur

Kjúklingspjót í Argentínu kryddblöndu

1.424 kr/kg

Verð áður 1.899 kr/kg



Rib world grísaríf þarf aðeins að hita

1.099 kr/pk



Tilbúið meðlæti Beint á grillið



Harðfiskur - frábær ferðafélagi

Verð frá **1.099** kr/pk

24

Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

MARKAÐURINN

Merki um töluverðar uppgreiðslur lána

Óverðtryggð lán nálgast það að vera helmingur af húsnæðislánum bankanna. Sópa til sín hlutdeild á lánamarkaði á kostnað lífeyrissjóða. Framkvæmdastjóri LSR segist hafa merkt töluverðar uppgreiðslur á sjóðsfélagalánum.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Litill munur á verðtryggðum og óverðtryggðum vöxtum veldur því að það er litill hvati til að taka verðtryggð lán í langflestum tilfellum. Heimilin eru að sýna að þau eru með á nótunum, segir Konráð S. Guðjónsson, aðstoðarfrankvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, í samtali við Fréttablaðið.

Ný óverðtryggð húsnæðislán banka til heimila, að frádregnum uppgreiðslum, hafa á síðustu þremur mánuðum numið samtals 146 milljörðum króna samkvæmt gögnum Seðlabanka Íslands. Á sama tímabili hafa ný verðtryggð lán verið nettó neikvæð um 5,8 milljarða.

Húsnæðislán íslensku bankanna til heimila námu samtals 1.052 milljörðum króna í lok júní. Hlutdeild verðtryggðra lána nam 57 prósentum á móti 43 prósentu hlutdeild óverðtryggðra lána. Til samanburðar nam hlutdeild óverðtryggðra lána 38 prósentum í byrjun árs og 32 prósentum í byrjun árs 2019.

Konráð segir að þróunin hafi verið í þessa átt um nokkurt skeið. Vægi verðtryggingarinnar hafi minnkað hægt og bitandi, en nú fari það hratt minnkandi.

„Vægi verðtryggingarinnar verður ekki neitt ef þetta heldur svona áfram. Þó að vextir hækki litillega í framtíðinni held ég að heimilin muni áfram sækja í óverðtryggð lán,“ segir Konráð og bætir við að allar forsendur séu fyrir því að vaxtastig verði lágt til lengri tíma lítið. „Ef lágvaxtaumhverfið verður varanlegt deyr verðtryggingin drottin sínum.“


Hlutdeild lífeyrissjóða í nýjum húsnæðislánum hefur hrunið frá byrjun árs. Nettó ný útlán lífeyrissjóða til heimila námu einungis 918 milljónum króna í maí samanborið við 11,6 milljarða króna í janúar. Á sama tíma hefur hlutdeild bankanna stóraukist en nettó útlán þeirra námu 27,5 milljörðum króna í júní samanborið við tæplega 11 milljarða í janúar.

Tölurnar fyrir útlán lífeyrissjóða í júní hafa ekki verið birtar en umsvif bankanna gefa til kynna að töluverður samdráttur sé hjá mörgum sjóðum.

„Ef tölurnar fyrir útlán bankanna í júní eru réttar gæti hann orðið fyrsti mánuðurinn í langan tíma þar sem það eru meiri uppgreiðslur en útlán hjá lífeyrissjóðunum,“ segir Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs.


Ólafur segir að munurinn á nýjum útlánum bankanna annars vegar og lífeyrissjóðanna hins vegar komi sér á óvart. Mikil ásókn hafi verið í sjóðsfélagalán Birtu í júní en sjóðurinn býður upp á óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum sem eru þeir lægstu á markaðinum.

„Það eru ekki svo margir lífeyrissjóðir sem bjóða upp á óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum og bankarnir bjóða betri kjör á þessum lánunum en flestir sjóðir. Skýringin á þessari sundurleitni milli útlána bankanna og lífeyrissjóðanna gæti verið sú að fólk finnur frekar lánin og kjörin sem það er að leita eftir hjá



Verðtryggingin er á undanhaldi í lágvaxtaumhverfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

/// Húsnæðislán



Ef tölurnar fyrir útlán bankanna í júní eru réttar gæti hann orðið fyrsti mánuðurinn í langan tíma þar sem það eru meiri uppgreiðslur en útlán hjá lífeyrissjóðunum.

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs



bönkunum. Og það gæti skýrt hvers vegna við höfum ekki séð eins mikinn samdrátt og aðrir sjóðir,“ segir Ólafur.

Alls námu sjóðsfélagalán lífeyrissjóða 544 milljörðum króna í lok maí. Þar af voru 422 milljarðar verðtryggð lán og 122 óverðtryggð lán.

Harpa Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR), segist hafa merkt töluverðar uppgreiðslur sjóðsfélaga á allra síðustu mánuðum. Bankarnir hafi lækkað vexti meira en lífeyrissjóðirnir.

„Án þess að hafa séð bækur bankanna er mín ágiskun sú að þeir eigi erfiðara með að koma peningum í vinnu því samdráttur í hagkerfinu gerir það að verkum að þeir lána

/// Húsnæðislánasafn bankanna

	Verðtryggt	Óverðtryggt
01.07.2020	57%	43%
01.01.2020	62%	38%
01.01.2019	68%	32%

ekki eins mikið til fyrirtækja en vextir á húsnæðislánum eru lækkadír til að lána meira til heimilanna,“ segir Harpa.

Aðspurð segir Harpa að uppgreiðslur sjóðsfélaga hafi ekki valdið miklum röskunum fyrir lífeyrissjóðinn. „Á tímabili var af mikil aukning í sjóðsfélagalánum og þá þrengdum við lánareglurnar. Við erum með þúsund milljarða af eignum og aðeins meiri uppgreiðslur í nokkra mánuði telja því lítið,“ segir Harpa.

Innlán lífeyrissjóða í íslensku bönkunum hefur aukist um tæplega 40 milljarða króna frá ársbyrjun, eða úr 153 milljörðum og upp í 190 milljarða. Spurð hvort LSR eigi auðvelt með að finna peningunum annan farveg segir Harpa að svarið sé bæði já og nei.

„Við komum peningunum í vinnu með öðrum hætti en það verður að segjast eins og er að lækkandi vextir eru áskorun í því að ná þeirri ávöxtun sem við þurfum að ná til þess að geta staðið við okkar skuldbindingar.“

Vantar þig orku?

Þú finnur yfir 100 tegundir af orkudrykkjum hjá okkur

1011

Hamborgara kartöflubrauð



Michelin-stjörnu kokkurinn
Agnar Sverrisson segir
Íslendinga eiga eftir að
elska þetta nýja brauð fyrir
hamborgarann

Nújung!

Heimsborgarinn og Michelin-stjörnu kokkurinn segir **nýja kartöflubrauðið** frá Myllunni besta brauðið fyrir hamborgarann!

Agnar Sverrisson, Michelin-stjörnu kokkur og heimsborgari, segir það „töfra að baka svona akkúrat þétt og mjúkt hamborgarabrauð - eina rétta brauðið fyrir góðan hamborgara. Íslendingar eiga eftir að elska þetta brauð frá Myllunni. Ánægjulegt að eiginleikar íslensku kartöflunnar komi við sögu.“

Þéttari og mýkri hamborgarabrauð!

Gerðu hamborgarann meira djúsi.
PRÓFAÐU nýja hamborgarakartöflubrauðið
frá Myllunni strax í dag.



Skannaðu QR kóðan
og lestu um leyndarmálið
bakvið þéttleikann
og mýktina í brauðinu



Veldu
íslenskt

Myllan skapar störf, nýtir
íslenskt hráefni og stuðlar að
matvælaöryggi í landinu. Nýja brauðið er þróað
á Íslandi, bakað á Íslandi og innheldur íslenskar
kartöflur. Sköpum nýjar vörur. Sköpum ný störf.
Veldu íslenska framleiðslu.



Alltaf nýbakað
síðan 1959

Skoðaðu myllan.is



Súla er einhver fallegasti tindur landsins og ris upp af vestanverðum Skeiðarárjökli. MYNDIR/TG

Súlnasalur Skeiðarárjökuls

Tómas Guðbjartsson hjartaskurð-læknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Súlutindar eru með tignarlegustu tindum landsins en þeir draga nafn sitt af súlulaga klettadragi sem gnæfir upp af vestanverðum Skeiðarárjökli, stærsta skriðjökli sunnan úr Vatnajökli. Sjálf Súlan er ekki hæst Súlutinda, heldur syðsti tindurinn sem úr fjarlægð sýnist illkleifur en er tiltölulega auðveldur uppgöngu úr suðvestri. Af honum er gríðarlegt útsýni yfir Skeiðarárjökul og litrík Skaftafellsfjöllin sem afmarka Skeiðarárjökul austan megin. Enn austar er Öræfajökull með Hvannadalshnjúk, Hrútsfjallstindar og skógi vaxin Austurheiði norðan Skaftafells. Óvída sést betur hvílikt flæmi Skeiðarársandur er, en hann þekur næstum 2% af yfirborði landsins og á honum er þétt æðakerfi jökuláa, sem voru miklir farartálmar áður en þær voru brúaðar 1974 og hringvegurinn opnaður. Best er að ganga á Súlutinda úr Núpsstaðarskógi sem er með fallegustu stöðum á landinu. Eftir að jökuláin Súla breytti farvegi sínum í Gígjukvísl í stað Núpsár, er mun auðveldara en áður að komast í Núpsstaðarskóg því ekki þarf lengur að aka yfir straumhórð og vatnsmikil Núpsvötn, en svo hétu sameinuð Núpsá og Súla. Í staðinn má þræða seinfarinn jeppaslóða austan megin Núpsár, þar sem ekki er yfir neinar ár að fara.

Óvída er fallega að slá upp tjaldi en á kjarri vöxnum aurum Núpsstaðarskóga, undir Sniðabrekku inn af Valabjörgum. Þarna er ekkert skipulegt tjaldsvæði, sem eykur á upplifunina. Í vestur blasir Björninn við, sundurskorið fjall og gróið líkt og Lómagnúpur sunnar. Frá tjaldstæðinu er þrætt milli brattra gilja í austur upp Sniðabrekku, sunnan við fjallið Bunka. Síðan er stefnan tekin á syðsta Súlutindinn sem er 696 m hár. Á leiðinni upp sést í sunnanverðan Vatnajökul og fjöll í honum eins og Geirvörtur og Þórðarhyrnu. Áður en haldið er heim er gaman að kíkjá í bæði skörðin, sérstaklega það nyrðra. Þar má í návígi virða fyrir sér fagurlega skapaða 60 m háa Súluna og þverhnipta veggj Súlutinda. Súla var fyrst klifin 1990 og þótti mikil frægðarför, enda bergið afar laust í sér.

Þetta er með fallega útsýni á Íslandi, sannkallaður súlnasalur þar sem rákóttur Skeiðarárjökull er dansgólfið. Skynsamlegt er að halda sömu leið niður Sniðabrekku, en eftir því sem farið er sunnar eru minni líkur á því að lenda í völundarhúsi snarbrattra gilja.



Fókus á hjarta landsins



Súlutindar séðir úr vestri neðan Bunka, baðaðir kvöldsól með hvönn og eyrarrós í forgrunni.



Horft í norður af hæsta Súlutindinum en skuggar af þeim bregða á leik á fallega rákóttum Skeiðarárjökli.

KRÓNAN

Jalapeño ...
lauflétt trix en algjör
**LEIKBREYTI
Á GRILLID!**

Fáðu töfra
innblástur á
[kronan.is/
töfrar](http://kronan.is/töfrar)

TÖFRABRAGE
JALAPEÑO
SNILLD Á GRILLID



599 kr. pk.



Ferskir maísstönglar

199 kr. stk.



Ódýrt

Bara beikon sneiðar
1899 kr. kg

Lambagrillsneiðar úr læri
1899 kr. kg



Bara pylsur, 10 stk.

429 kr. pk.



First Price dijon sinnep

179 kr. pk.



Ódýrt

Steiktur laukur, 200 g

119 kr. pk.



Ódýrt

Hamborgarar 4 stk með brauði

998 kr. pk.



Fallnar stytur



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Styttur eru yfirleitt til þrýði í umhverfi sínu, jafnvel þótt sá einstaklingur sem á þær horfir viti ekki alltaf af hverjum viðkomandi stytta er. Stundum er einfaldlega engin merking til að skýra það út fyrir honum. „Þetta var greinilega einhver merkilegur sem gerði mannkyninu gagn,“ hugsar hinn jákvæði áhorfandi sem er gefinn fyrir stytur.

Stytur eru venjulega af hvítum karlmönnum, enda hafa þeir um aldir fengið að valsa um frjálsir og hampa hver öðrum. Einhver breyting er þó að verða á þessu en í kjölfar grimmdarlegs morðs á blökkumanninum George Floyd hefur karlastyttum fækkað nokkuð. Æstur lýður hefur felld þær af stalli, hverja á fætur annarri.

Eins og alkunna er þá er rökhugsun ekki efst í huga þess sem er reiður og æstur. Þannig framkallar það sjálfkrafa gremju hjá einhverjum hópum að sjá stytta af hvítum karlmanni í gamaldags múnderingu og hann er samstundis stimplaður sem afturhaldssinni, afsprengi nýlenduveldis og hatursmaður minnihlutahópa. Ekki er lagt upp úr því að kanna hvort svo hafi raunverulega verið, enda er það alltof tímafrekt. Styttan skal eyðilögð, meðan gleðiþóp viðstaddra hljóma.

Eins og alltaf gerist þegar fólk gengur berserksgang þá falla hinir saklausu einnig. Það þykir nánast sjálf-sagður fórnarkostnaður í þágu málstadarins. Ekki er langt síðan sjá mátti safnvörð í Noregi nánast grátandi vegna þess að í Bandaríkjunum var eyðilögð stytta af norskum innflytjanda, Hans Christian Heg, sem var einarður talsmaður mannréttinda svartra og bardist í þrælastríðinu. Hann var hvítur karlmaður í múnderingu og þar að auki barn síns tíma. Það nægir til að setja hann út af sakramentinu.

Vitaskuld er engin ástæða til að allar stytur standi um aldir og ævi. Sumar hefði aldrei átt að reisa. Ástæðulaust er til dæmis að hylla sérstaklega þá grimmdarseggi, sem lögðu allt upp úr því að auðgast sem mest af þrælasölu og þrælahaldi. Þeir sem fá af sér stytta verða helst að hafa gert eitthvað jákvætt, sem skiptir máli fyrir marga. Sem merkir samt alls ekki að þeir þurfi að hafa verið gallalausir og aldrei gert afdrifarik mistök.

Manneskjur eru ekki englar. Þær eru mótsagna-kenndar, þeim verður á og gera alls kyns mistök. Skyndilega er einhver sem uppgötvar að Baden Powell, Churchill og Gandhi voru ekki algóðir og samstundis er æpt: Styttan skal falla! Fróðlegt væri að vita hvort þeir sem þar góla hæst, og umlykja sig helgislepju, treysti sér til að framvísa hreinu síðferðisvottorði.

Lið æsingafólks tekur sér vald til að ákveða hvort stytur skuli standa eða ekki og fær sitt í gegn með handafli. Grænlingar fóru góða leið á dögum þegar þeir efndu til íbúakosningar um það hvort stytta af danska trúboðanum Hans Egede skyldi standa eða víkja. Mikill meirihluti kaus að Egede skyldi fá að vera á sínum stað. Fólkinu þykir vænt um styttna og notar það ekki gegn Egede að hann var barn síns tíma – eins og við erum öll.



Fróðlegt væri að vita hvort þeir sem þar góla hæst, og umlykja sig helgislepju, treysti sér til að framvísa hreinu síðferðisvottorði.

Halldór



Frá degi til dags

Riddarar réttlætisins
Fyrir áhugamenn um réttlæti eru það ánægjuleg tíðindi að norska lögmánsstofan Wikborg Rein hefur lokið rannsókn á starfsemi Samherja í Namibíu. Búið er að kynna skýrslu stofunnar fyrir stjórn fyrirtækisins sem mun síðan meta hvað sé hægt að birta opinberlega.

Í tilkynningu á vef fyrirtækisins er haft eftir formanni stjórnar Samherja að frá fyrstu tíð hafi stjórnendur fyrirtækisins verið sannfærðir um að ásanirnar væru tilhæfulausar.

Það skyldi því enginn fá áfall ef Wikborg Rein kemst að sömu niðurstöðu eftir að hafa kynnt sér innihald milljóna skjala. Ekki er með öllu útilokað að niðurstaðan verði sú að allt sé Jóhannesi Stefánssyni að kenna og réttlætinu þar með fullnægt.

Stutt stopp

Átta berjast um tvö laus embætti í Hæstarétti Íslands. Athygli vekur að lögum samkvæmt geta hæstaréttardóm- arar farið á eftirlaun við 65 ára aldur. Flestir ákveða um það leyti að stiga til hliðar.

Elsti umsækjandinn um embættin tvö er Davíð Þór Björgvinsson, varaforseti Landsréttar, sem verður 65 ára næsta vor. Enginn vafi er á að Davíð Þór er í hópi hæfustu umsækjendanna og því talsverðar líkur á því að hann hljóti aðra stöðuna. Það gæti orðið stutt stopp.

Olíufélögin hrósa happi



Guðjón S. Brjánsson
Þingmaður Samfylkingarinnar

Fyrrir lok vörþings voru samþykkt riflega 130 lagafrumvörp á Alþingi. Meðal þeirra voru lög um breytingar á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun. Lög um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara voru jafnframt felld úr gildi. Byggðastofnun verður eftirleiddis falið á grundvelli reglugerðar ráðherra að annast úthlutun styrkja vegna flutningskostnaðar olíuvara. Þessar breytingar skipta ekki sköpum fyrir þjóðarhag en hafa þýðingu fyrir íbúa í dreifðum byggðum á Íslandi.

Eflaust kann einhverjum að finnast tímaskekkja að viðhalda flutningsjöfnun á jarðefnaeldsneyti sem samfélagið er markvisst að hverfa frá. Hafa verður þó í huga að framboð á orkugjöfum til samgangna á byggðarlega viðkvæmum stöðum er misjafnt. Enn verður því ekki við komið að nýta stór og þung, vélknúin tæki með nýjum orkugjöfum, til dæmis í landbúnaði, í vöruflutningum og smábátaútgerð sem er snar þáttur á ýmsum svæðum á landsbyggðinni. Þeir tímar munu koma að þarna verði breytingar á, en á meðan er eðlilegt að leitað sé viðleitni til jafnræðis. Lykilatriði er að lagabreytingin hafi ekki letjandi áhrif, að ekki verði gefinn minnsti afsláttur af markmiðum Íslendinga um orkuskipti í samgöngum. Á þessu sviði er þróunin ör og spennandi lausnir handan við hornið.

Enginn vafi er á að með þessari lagabreytingu er verið að létta álagum af olíufélögum. Til þessa hafa þau verið að greiða, eða réttara sagt kaupendur eldsneytis, riflega 400 milljónir árlega með sérstöku flutningsjöfnunargjaldi en samkvæmt nýjum lögum fellur það burt. Mun lægri fjárhæð rennur til flutningsjöfnunar eða 175 milljónir króna eins og staðan er um þessar mundir og verður innheimt með breyttum vörugjöldum af olíuvörum.

Þetta þýðir að í það minnsta 225-240 milljónir verða eftir hjá olíufélögum, í boði ríkisstjórnarinnar. Það verður fróðlegt að sjá hvort neytendur fá að njóta þessara hagstæðu breytinga í lægra verði á eldsneyti. Ef hinn elskaði samkeppnismarkaður sem núverandi stjórnvöld hafa svo mikla trú á virkar, ætti það sannarlega að gerast.



Þetta þýðir að í það minnsta 225 – 240 milljónir verða eftir hjá olíufélögum, í boði ríkisstjórnarinnar.

Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantani á opticalstudio.is og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

AF KÖGUNARHÓLI

Skrefi lengra



Þorsteinn Pálsson

Á síðustu áratugum hefur norrænt samstarf ekki verið jafn metnaðarfullt og það var fram eftir síðustu öld. Fjölpætt tengsl landanna hafa eigi að síður dafnað ágætlega.

Á öllum Norðurlöndum er góð pólitísk eining um að viðhalda tengslanetinu þótt þunginn og metnaðurinn í fjölþjóðasamstarfi þeirra liggir að mestu í Evrópusambandinu og Atlantshafsbandalaginu.

Vönduð og hnitmiðuð skýrsla

Fyrir skömmu var birt skýrsla, sem Björn Bjarnason fyrrum dómsmálaráðherra vann, um aukid samstarf Norðurlanda á sviði utanríkis- og öryggismála. Hún er eins og vænta mátti hnitmiðuð og markviss með ábendingum um tiltekin verkefni.

Sum málefni geta löndin leyst í innbyrðis samstarfi. Önnur, einkum stærri pólitísk og efnahagsleg viðfangsefni, ráðast í samvinnu fleiri þjóða.

Í þessu ljósi er vert að virða frumkvæði Norðurlanda að margvíslegu samstarfi, sem síðar hefur þróast í stærra samhengi.

Norrænt myntbandalag verður evrópskt

Norræna myntbandalagið, sem stofnað var 1873, er trúlega metnaðarfullsta og áhrifaríkasta samstarfsverkefni landanna. Þá urðu til norr-

ænar jafngildar krónur. Bandalagið stóð í nær hálfa öld og var ein helsta forsenda atvinnulífsbyltingarinnar á Íslandi í byrjun síðustu aldar.

Áratugum síðar tók Evrópusambandið upp þráðinn með mynt-einingu, sem í framhaldi leiddi til stofnunar myntbandalags um evruna. Hún er nú ein af þremur öflugustu og stöðugustu myntum heimsins.

Norræn lagasamræming verður evrópsk

Fram eftir síðustu öld fór einnig fram mikil og metnaðarfull vinna til að ná fram samræmingu norrænna laga á fjölmörgum sviðum. Í dag taka öll Norðurlönd þátt í miklu viðtækari og markvissari lagasamræmingu, með aðild að innri markaði Evrópusambandsins og þrjú þeirra með fullri aðild.

Norðurlönd gerðu einnig með sér samkomulag um gerðardóma til að útkljá deilumál sín á milli. Segja má að með Evrópudómstólnum og EES-dómstólnum hafi það verkefni verið sett í stærra samhengi, þar sem einstaklingar og fyrirtæki fá skorið úr ágreiningsefnum, sem snerta regluverk Evrópusambandsins.

Norrænt vegabréfasamband verður evrópskt

Norræna vegabréfasambandið, sem stofnað var um miðja síðustu öld, var brautryðjendaverkefni til að tryggja frjálsa för fólks milli landa.



Vilji menn ríkan metnað í norrænt samstarf gæti næsta skref verið umræða um möguleika á fullri aðild allra landanna að þessum tveimur höfuð fjölþjóðasamtökum Evrópuríkja.

Hálfri öld síðar var það beinlínis flutt inn í Schengen-samstarf Evrópusambandsins. Sama hugsjón er nú tryggð í miklu viðtækara samstarfi innan Schengen og með reglum innri markaðar Evrópusambandsins um frjálsa för fólks.

Tvær hliðar á sama peningi

Það metnaðarfulla fjölþjóðasamstarf, sem hófst á norrænum vettvangi, hefur smám saman þróast yfir í evrópskt samstarf. Höfuðsvið þeirrar samvinnu eru þau sömu og áður. En í samræmi við breytta tíma og nýjar áskoranir eru verkefni fjölþættari. Helstu málum, sem Norðurlönd

þurfa að vinna með öðrum þjóðum, er nú ráðið til lykta innan Evrópusambandsins og á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, sem í raun eru sín hvor hliðin á sama peningnum.

Þrjú Norðurlanda eiga nú fulla aðild að Evrópusambandinu en önnur tvö að kjarna þess, innri markaðnum. Síðan eiga þrjú landanna fulla aðild að Atlantshafsbandalaginu en önnur tvö, sem lengi voru hlutlaus, eiga nú náð og virkt samstarf við bandalagið.

Lokaskrefið minna en þau sem tekin hafa verið

Viðbótarskrefin til fullrar aðildar eru tiltölulega lítil. Þau eru sannarlega pólitískt viðkvæm í hverju landi. En það breytir ekki hinu að þau skref, sem þegar hafa verið stigin, voru stærri en það sem eftir er í báðum tilvikum.

Þegar litið er á þau verkefni, sem tilgreind eru í skýrslu Björns Bjarnasonar, er engum vafa undirorpið að samstaða Norðurlanda um mörg þeirra yrði sterkari og markvissari, ef löndin ættu öll sæti við borðið í þeim tveimur fjölþjóðasamtökum, sem úrslitum ráða um þau.

Vilji menn ríkan metnað í norrænt samstarf, gæti næsta skref verið umræða um möguleika á fullri aðild allra landanna að þessum tveimur höfuð fjölþjóðasamtökum Evrópuríkja.

Er ekki kominn tími til að taka norræna samvinnu skrefi lengra?

Landsmenn lesa Fréttablaðið allan ársins hring

LÍKA Á SUMRIN!

Auglýsing í Fréttablaðinu er ávallt jafn verðmæt

88%

júní júlí ágúst

88% af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldersbilinu 18-49 ára lesa Fréttablaðið daglega allan ársins hring

*meðallestur þeirra sem lesa bara Fréttablaðið og þeirra sem lesa Fréttablaðið og Morgunblaðið. Heimild: Prentmælingar Gallup apr. - júní og júlí - sept. 2019.

FRÉTTABLAÐIÐ – mest lesna dagblað landsins, líka á sumrin

Handleiðsla og starfsheilbrigði



Kristin Lilliendahl
aðjunkt við HÍ og sjálfstætt starfandi handleiðari



Á undanförunum mánuðum höfum við orðið vitni að því hvað við eigum öflugt fagfólk á sviði heilbrigðisþjónustu og löggæslu.

Handleiðslufélag Íslands fagnar um þessar mundir 20 ára starfsafmæli. Félagið var stofnað 23. júní árið 2000 og samanstendur af fagfólki sem hefur aflað sér reynslu og réttinda til að handleiða einstaklinga og hópa við þróun starfa sinna. Á vefsíðu félagsins (handleidsla.is) er að finna lista yfir þá aðila sem veita handleiðslu fyrir starfsfólk í heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og skólaþjónustu en jafnframt á öðrum sviðum atvinnulífsins. Handleiðsla er þýðingarmikill þáttur í því að skapa fólki heilbrigð starfskilyrði. Þar gefst tækifæri til að ígrunda starf sitt, hugmyndir, áskoranir og líðan í starfi í öruggu og óháðu umhverfi undir handleiðslu sérhæfðs aðila af sama eða skyldu fagsviði. Ávinningur sem af handleiðslu hlýst felst meðal annars í faglegu aðhaldi, aukinni sjálfsþekkingu, þjálfun í greinandi hugsun, öflugri fagþróun, auknu sjálfstæði í starfi og meiri starfsánægju.

Þær fagstéttir sem starfa á áður nefndum sviðum eiga það sameiginlegt að hafa valið sér störf þar sem stutt er við fólk með einum eða öðrum hætti. Þótt starfsumhverfi þeirra kunni að vera ólíkt er þeim sammerkt að hafa með störfum sínum bein áhrif á lífsgæði fólks sem oftast eru í viðkvæmri stöðu og jafnvel valdlítið um eigin hag. Því fylgir ábyrgð sem getur orðið íþyngjandi, sérstaklega ef starfskilyrði eru erfið, eftirfylgd og samráð lítið og úrræði takmörkuð. Starfsþreita í slíkum aðstæðum er óhjákvæmileg og getur leitt til starfsþrots ef ekki er brugðist við. Neikvæð starfs tengd streita er ekki einkamál þeirra sem við hana glíma. Hún varðar almannaheill þegar grant er skoðað og er fyrst og fremst stofnana- og stjórnunarvandi sem bregðast þarf við með öflugum hætti. Hér er því haldið fram að handleiðsla geti gert gæfumuninn þegar fagfólk verður vart við þverrandi starfsgleði og vinnuþrek. Handleiðslu skyldi þó ekki síður að sækja í verndandi skyni þegar allt gengur að óskum og ætti í raun að vera viðvarandi þáttur í þróun eigin starfshæfni.

Ekki standa allar þessar fagstéttir jafnar að vígi þegar kemur að

aðgengi að handleiðslu. Sumar eiga langa hefð fyrir handleiðslusókn á meðan aðrar hafa haft lítil sem engin kynni af henni. Það getur skýrst af mörgum þáttum til dæmis ef hún hefur ekki verið kynnt til hlítar í námi viðkomandi fagstétta eða að hvatinn er jafnan ekki fyrir hendi í starfsumhverfi þeirra. Handleiðsla við fagfólk er ekki munaður heldur ávinningur viðkomandi þjónustustofnana og í raun lykilorð þáttur í gæðþróun þeirra. Samráð við kollega, teymisvinna og hverskyns jafningjastuðningur á vinnustað getur aldrei orðið igildi faghandleiðslu þrátt fyrir að vera styðjandi, en hætt er við að lítið sé þannig á ef handleiðsla er stjórndendum framandi eða að þrengt er rækilega að stofnunum fjárhagslega. Í hnotskurn eru störf þessa fagfólks þess eðlis að það hlýtur að varða öryggi almennings að það njóti sjálft faglegs stuðnings af hæstu gæðum við störf sín. Það er umhugsunarvert að á tímum aukinnar áherslu á fagmennsku og gæði skuli handleiðsla vera jafn varnær þáttur og raun ber vitni.

Á undanförunum mánuðum höfum við orðið vitni að því hvað við eigum öflugt fagfólk á sviði heilbrigðisþjónustu og löggæslu. Framganga þessa fólks hefur vakið verðskuldaða aðdáun. Hún einkorðast þó ekki við þær aðstæður sem sköpuðust af völdum COVID-19 heldur endurspeglar hún það hugarfar og siðferði sem almennt einkennir fagstéttir sem starfa við að bæta lífsgæði annarra. Hætt er þó við að góðir eiginleikar gangi til þurrðar þegar álag verður meira en getan til að mæta því. Fagfólk er í æ meira mæli meðvitað um nauðsyn þess að standa vörð um starfsheilbrigði sitt og verjast starfsþroti. Um leið verður kallið hærra eftir öflugri stuðningi og eftirfylgd. Handleiðsla er meðal þess sem svarað getur því kalli. Aðgangur að faghandleiðslu án íþyngjandi kostnaðar er lykillin að innleiðingu hennar í störf allra hjálparstétta og þyrfti að vera innbyggður og tryggður með lögbundnum hætti í starfskjörum þeirra. Ástæða er til að hvetja fagfélög, stéttarfélög og sveitarfélög landsins til að beita sér fyrir því að svo geti orðið, okkur öllum til heilla.



Hið nýja kalda stríð



Helgi Steinar Gunnlaugsson
alþjóðastjórn-
málafræðingur



Þrátt fyrir að vera lítil þjóð, þá erum við Íslendingar ekki eins stikkfrí frá þessum breytingum og við viljum halda.

Árið 2016 skrifaði ég grein sem bar heitið „Vaxandi þjóðernishyggja í Kína“. Greinin var skrifuð eftir að dómur féll hjá Alþjóða hafréttadómstólnum sem sagði að stjórnvöld í Peking höfðu hvorki lagalegan né sögulegan grunn fyrir því tilkalli sem þau gerðu í Suður-Kínahafi. Lögsögu-deilur Kínverja við nágrannalönd sín voru þá að hitna þar sem kínversk stjórnvöld byrjuðu að reisa flotastöðvar og flugvelli á manngerðum eyjum í kringum þessi umdeildu svæði.

Kínverska ríkisstjórnin brást harkalega við ákvörðun dómstólsins og neitaði að viðurkenna hana. Almennigur í Kína leit einnig á þessa ákvörðun sem árás á þjóð sína og upp blómstraði mikil þjóðernishyggja í borgum landsins. Þrátt fyrir þennan áreksstur þá voru þáverandi samskipti Kína við umheiminn frekar jákvæð. Engu að síður lýsti ég yfir áhyggjum mínum á þeirri þróun að sjá stækkandi heimsveldi neita að virða niðurstöður alþjóðasamfélagsins.

Á sama tíma gagnrýndi ég Donald Trump sem þá var nýkjörinn forseti Bandaríkjanna. Aðal ógnin sem ég benti á var sú að fáfræði þessarar veruleikastjórnu á alheimsmálefnum og samskiptum ríkjanna beggja myndi á endanum skapa mikla áhættuklemmu. Sú grein endaði orðrétt: „Ef Donald Trump kys að bregðast við aðgerðum Kínverja á næstu árum með sömu hvatvísi og hann hefur brugðist við stórstjórnun á Twitter klukkan þrjú að morgni, þá verður samband þessara tveggja þjóða óumdeilanlega það mikilvægasta á 21. öldinni, en engan veginn eins friðsælt og allir hefðu vonast eftir.“

Einungis fjögur ár eru liðin síðan þessar greinar voru birtar og er því

meiri ábyrgð en aðrir, þá var þetta nýja kalda stríð því miður óhjákvæmilegt.

Í Alþjóðasamskiptum tölum við oft um „gildru þúkýðides“, sem nefnd er eftir hinum gríska sagnaritara sem ritaði sögu Pelópskagastríðsins. Gildran lýsir sér þannig að þegar nýtt heimsveldi ris upp mun þáverandi heimsveldi líta á það sem ógn og í kjölfarið brýst út stríð á milli þeirra tveggja. Á seinustu 500 árum hefur þetta verið raunin í 12 af 16 slíkum tilfellum. Þrátt fyrir að eiga sinn uppruna í forngrískri sögu, þá er þetta einungis átta ára gamalt hugtak og var það í raun samið til að lýsa núverandi sambandi á milli Kína og Bandaríkjanna.

Það er hins vegar ólíklegt að stór hernáðaráttök muni brjótast út. Á tímum Sovétríkjanna var það ótti okkar við kjarnorkuvopn, eða „MAD“ (Gagnkvæm Altryggð Gerðing Allra) sem hélt báðum hliðum í skefjum. Nú eru það efnahagslegu tengslin á milli stórveldanna sem passa upp á að allir viðhaldi ákveðinni ró. Báðar hliðar geta ekki brugðist of harkalega við án þess að skjóta sig samtímis í fótinn og má líta á það sem jákvæðan hlut.

Engu að síður þá þarf að horfast í augu við breytta framtíð. Það má í raun líta á þessi núverandi „átök“ sem hálfgerðar þreifingar af hálfu stjórnvalda til að meta hvernig hægt sé að standa vörð um gildi og öryggi þjóða, samhliða því að viðhalda efnahagslegum samskiptum og tryggja þannig stöðugleika. Þrátt fyrir að vera lítil þjóð, þá erum við Íslendingar ekki eins stikkfrí frá þessum breytingum og við viljum halda. Við vorum fyrsta vestræna þjóðin til að undirrita friværsluansamning við Kína og sitjum við einnig í Heimskautsráðinu. Við erum friðsæl þjóð og viljum að sjálf-sögðu geta leikið okkur fallega með hinum börnunum í sandkassanum, en við verðum líka að mynda skýra afstöðu til að forðast illkynja utan-
aðkomandi áhrif. Ef engin stefna er nú þegar til staðar af hálfu íslenskra stjórnvalda til að ávarpa þetta breytta landslag, þá vona ég innilega að slík stefna sé að minnsta kosti komin á teikniborðið.

DEMANTS HRINGURINN

Ævintýraleið um Norðurland
demantshringurinn.is

ISLAND
KOMDU MEÐ

ALLT AÐ
700.000 kr.
AFSLÁTTUR!

DÚ FINNUR BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS

HEILSAÐU SUMRI Á NOTUÐUM BÍL



Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílar okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.



AFSLÁTTUR
400.000 KR.

Rnr. 431034

VW E-Up!

Nýskr. 05/15, ekinn 47 þ.km,
rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 1.690.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.290.000 kr.

15.669 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
600.000 KR.

Rnr. 146570

NISSAN Pulsar Acenta

Nýskr. 04/18, ekinn 85 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.390.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.790.000 kr.

21.601 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
400.000 KR.

Rnr. 130286

NISSAN Micra Acenta

Nýskr. 02/18, ekinn 11 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 2.290.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.890.000 kr.

22.788 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
300.000 KR.

Rnr. 130278

TOYOTA Aygo X-Play

Nýskr. 05/18, ekinn 42 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.490.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.190.000 kr.

14.483 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
400.000 KR.

Rnr. 147062

RENAULT Captur Intens

Nýskr. 02/17, ekinn 49 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 2.090.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.690.000 kr.

20.415 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
400.000 KR.

Rnr. 430811

RENAULT Megane Sport Tourer Bose

Nýskr. 01/18, ekinn 19 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.590.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
3.190.000 kr.

38.211 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
400.000 KR.

Rnr. 150028

HYUNDAI i20 Classic

Nýskr. 04/17, ekinn 43 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 1.590.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
1.190.000 kr.

14.483 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
600.000 KR.

Rnr. 430830

TOYOTA Auris Active Hybrid

Nýskr. 05/15, ekinn 62 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.790.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.190.000 kr.

26.347 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
400.000 KR.

Rnr. 392349

RENAULT Clio Panorama

Nýskr. 09/14, ekinn 77 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 1.390.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
990.000 kr.

12.110 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
500.000 KR.

Rnr. 146711

BMW i3 94ah

Nýskr. 11/18, ekinn 16 þ.km,
rafmagn, sjálfskiptur.
Verð 4.390.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
3.890.000 kr.

46.515 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
400.000 KR.

Rnr. 146687

SUBARU Forester Lux Plus

Nýskr. 08/15, ekinn 103 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.390.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.990.000 kr.

35.838 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
500.000 KR.

Rnr. 146760

HYUNDAI i30 Wagon dísil

Nýskr. 10/14, ekinn 90 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 1.490.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
990.000 kr.

12.110 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
500.000 KR.

Rnr. 146522

SKODA Octavia Combi 4x4

Nýskr. 02/18, ekinn 75 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.890.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
3.390.000 kr.

40.583 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
700.000 KR.

Rnr. 146468

HYUNDAI Santa Fe III Comfort

Nýskr. 04/18, ekinn 99 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 5.390.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
4.690.000 kr.

56.007 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.



AFSLÁTTUR
700.000 KR.

Rnr. 146406

RENAULT Megane IV Bose

Nýskr. 06/17, ekinn 28 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.190.000 kr.

TILBOÐSVERÐ!
2.490.000 kr.

38.211 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.

Lykill



Allt að 80% lán



Ástandsskoðun



Fjármögnun á staðnum

Opnunartímar:

Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bíland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

bilaland

*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánskilmálana á heimasíðunni lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaða frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.



Ragnar er hérna í leik með FCK.

Ragnar verður áfram í Köben

FÓTBOLTI Ragnar Sigurðsson, landsliðsmaður í knattspyrnu, hefur framlengt samning sinn við danska úrvalsdeildarliðið FC Köbenhavn út ágústmánuð. Það er vefmiðillinn Copenhagen Sundays sem greinir frá þessu.

Samningur Ragnars við FC Köbenhavn átti að renna út 30. júní síðastliðinn, en hann var framlengdur fyrst fram í lok júlí og nú aftur til loka ágústmánaðar vegna seinkunar keppnistímabilsins í Danmörku og þátttöku FC Köbenhavn í Evrópuvæðingunni.

FC Köbenhavn leikur seinni leik sinn við nýkrýnda Tyrklandsmeistara, Istanbul Basaksehir, á heimavelli sínum, Parken, miðvikudaginn 5. ágúst. Ragnar sem varð 34 ára gamall fyrr í sumar, kom á frjálsri sölu til FC Köbenhavn í upphafi þessa árs eftir dvöl sína hjá Rostov í Rússlandi. – hó

Þrjú mánuðir til þess að ná lágmarkum

FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR Alþjóða frjálsíþróttasambandið, tilkynnti í gær á hvaða tímum og lengdum frjálsíþróttamenn þurfa að hlaupa, kasta eða stökkva, til þess að ná lágmarki fyrir Ólympíuleikana sem áætlað er að halda í Tókýó á næsta ári.

Lokað var fyrir þann glugga að komast á Ólympíuleikana þegar kórónaveirufaraldurinn skall á og leikunum var frestað.

Fram kemur í tilkynningu alþjóða frjálsíþróttasambandsins að ákveðið hafi verið að opna á nýjan leik möguleikann á að ná lágmarkum fyrir leikana, 1. september í staðinn. Íþróttafólk hefur svo tíma til loka nóvembermánaðar til þess að tryggja sér farseðilinn til Tókýó.

Eins og staðan er núna er sundmaðurinn Anton Sveinn McKee eini íslenski keppandinn sem hefur tryggt sér þátttökurétt á leikunum sem fram eiga að fara á næsta ári. – hó

FIFA styrkir sambönd sín vegna COVID

FÓTBOLTI Alþjóðaknattspyrnusambandið, FIFA, kynnti á heimasíðu sinni í gær að sambandið hefði ákveðið að styrkja aðildarsambönd sín um 1,5 milljónir Bandaríkjadala.

Það samsvarar rúmlega 200 milljónum íslenskra króna. Þriðjungur þeirrar upphæðar er eyrnamerkur kvennaknattspyrnu í löndunum.

Styrkurinn er vegna þeirra áhrifa sem kórónaveirufaraldurinn hefur haft á knattspyrnusamböndin um allan heim. Fram kemur í frétt FIFA að KSÍ fái styrkinn í sinn hlut í næsta mánuði. – hó

Gefandi að sjá gleðina skína

Siguróli Kristjánsson eða Moli, eins og hann er ávallt kallaður, er annað sumarið í röð á ferð um landið. Moli er í forsvari fyrir „Komdu í fótbolta“ sem felur í sér heimsóknir til minni sveitarfélaga um land allt.

FÓTBOLTI Þar mætir Moli vopnaður knattspyrnubúnaði og visku sinni og dreifir þeirri gleði sem knattspyrnan á að veita fólki. Moli er Akureyringur í húð og hár og lék um árabíl með Þór, auk þess sem hann hefur þjálfað hjá félaginu í mörg ár. Þess má einnig geta að hann á tvo A-landsleiki að baki.

Settar eru upp skemmtilegar og fjölbreyttar fótboltaútdir á hverjum stað, til að efla áhuga iðkenda og styðja við bakíð á knattspyrnustarfinu á staðnum. Moli hefur nú þegar farið í 22 heimsóknir víðs vegar um landið en hann fór alls til 35 sveitarfélaga síðasta sumar. Hann ætlar að efna loforð sitt um að heimsækja þessa staði á nýjan leik en áætlað er að verkefnið standi til loka ágústmánaðar í ár. Mola langar að stækka og þróa verkefnið næstu misserin.

„Þetta er náttúrulega fyrst og fremst ótrúlega gaman og gefandi að sjá glampann í augunum á krökkunum á þeim stöðum sem ég hef heimsótt. Það er ánægjulegt að sjá núna í ár meirihluta þeirra andlita sem ég sá í fyrra skjóta upp kollinum aftur að þessu sinni. Markmiðið er bara að vekja gleði og hjálpa til við að minnka kvíða hjá börnunum með knattspyrnuna að vopni ef svo má segja,“ segir Moli í samtali við Fréttablaðið.

„Fyrirkomulagið er í raun sára-einfalt þar sem ég set upp svokallaða pönnuvelli. Sem er í raun bara lítill battavöllur og þar er spilað einn á móti einum og það eru allir velkomnir, sama á hvaða aldri fólk er. Upplaggið er að krakkarnir fái sem mest út úr þessu og þau hafa gaman af því að kljást við jafnaldra, vini á öðrum aldri og tækla mömmu, pabba og frænda. Svo set ég líka upp skemmtilegar þrautbrautir,“ segir hann um uppsetninguna á verkefninu.

„Mér finnst mikilvægt að fá börn til þess að stunda hreyfingu og fá þau út úr símanum og tölvunni í smá tíma hið minnsta. Þá held ég smá fyrirlestur um mikilvægi hollrar næringar og svefnis. Aðaláherslan er eins og áður segir að vekja gleði í hjörtum barnanna og freista þess að minnka kvíðann hjá þeim þá getur fylgt því mikil pressa að spila fótbolta en ég vil fara í grunninn og minna á að fótbolti á að vera skemmtun,“ segir þessi margreyndi þjálfari.

„Etlí ég hafi ekki keyrt hringinn svona sirka þrisvar sinnum síðasta sumar og þetta stefnir í annað eins sumar. Það er hins vegar klárlega þess virði þegar ég sé gleðina í augum krakkanna og eldmóðinn í þeim sem standa að knattspyrnunni í þessum minni bæjarfélögum.“



Siguróli Kjartansson, Moli, hefur ferðast um landið síðustu tvö ár og breitt út boðskap knattspyrnunnar. MYND/KSÍ



Næst á dagskránni hjá Mola er að heimsækja Vestfirðina. Hann stefnir á að fara þangað um miðjan ágúst.



Mér finnst mikilvægt að fá börn til þess að stunda hreyfingu og fá þau út úr símanum og tölvunni í smá tíma hið minnsta.

Ég set ekki fyrir mig að keyra frá Akureyri til Patreksfjarðar, sem eru tæpir 600 kílómetrar svo dæmi sé tekið. Það er mikilvægt að sinna grasrótinni vel og ég geri það með glöðu bragði,“ segir Moli um ferðalögin sem fylgja verkefninu.

„Síðasta sumar heimsótti ég 35 sveitarfélög og ég lofaði þeim sem ég hitti að ég ætlaði að koma aftur í sumar. Ég ætla að standa við

gefið loforð. Svo væri ég meira en til í að stækka verkefnið og bæta öðrum 35 sveitarfélögum við og hafa verkefnið í gangi allan ársins hring. Það er hins vegar í höndum KSÍ hversu stórt verkefnið verður. Til er ég allavega og ég merki gleði og þakklæti í þeim bæjum sem ég heimsæki,“ segir Þórsarinn um framhaldið.

hjoarvaro@frettabladid.is

Valur bætir framherja í flóruna

FÓTBOLTI Knattspyrnudeild Vals kynnti í gær til leiks nýjan leikmann hjá karlalíði félagsins. Um er að ræða 19 ára danskan framherja, Kasper Høgh, sem gengur í raðir félagsins þegar félagaskiptagugginn opnar 5. ágúst næstkomandi.

Høgh er samningsbundinn Randers í Danmörku en hann kemur til Vals á lánsamningi sem gildir út yfirstandandi leiktíð.

Hann hefur leikið 17 leiki í dönsku úrvalsdeildinni með Randers og skorað í þeim leikjum eitt mark, auk þess að hafa leikið fyrir



Kasper Høgh er nýr leikmaður Vals.

» Félagaskiptagugginn opnar hér heima miðvikudaginn 5. ágúst og félögin eru farin að styrkja hópa sína fyrir seinni hluta keppnistímabilsins.

U-18 og U-19 ára landslið Danmerkur.

Þessi efnilegi leikmaður hefur raðað inn mörkum fyrir U-19 ára lið Randers og skorað 48 mörk í 47 leikjum. Hann skrifaði undir fimm

ára atvinnumannasamning við Randers sumarið 2019.

Honum er ætlað að veita samlanda sínum, Patrick Pedersen, samkeppni og liðsinni í fremstu víglínu hjá Valsliðinu, en Pedersen fór meiddur af velli í sigri Vals gegn Fylki á dögnum og missti af sigurleiknum gegn Fjölni í síðustu umferð Íslandsmótsins, vegna þeirra meidsla.

Høgh verður löglegur með Val þegar liðið mætir FH í næstu umferð Íslandsmótsins, en sá leikur fer fram miðvikudaginn 5. ágúst. – hó



FIMMTUDAGUR 30. JÚLÍ 2020

Tíska



Sumarið er fljótt að líða og bráðum verður komið haust með tilheyrandi hausttísku. Fimmti áratugurinn snýr aftur með haustinu að minnsta kosti hvað tískuna áhrærir samkvæmt hönnuðum.

→4



Ísold Halldórudóttir er alltaf á flakki um heiminn vegna fyrirsætustarfa. Hún hóf ferilinn árið 2016 og hefur meðal annars unnið með þekktum vörumerkjum eins og Dazed Magazine og Marc Jacobs. Hún segist hafa unnið mikið fyrir stöðu sinni en hún hafi líka verið heppin með verkefni. MYNDIR/ANNA MARGRÉT

DAG HVERN LESA

93.000

ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI

Menningarlegur sígauni í djúpu lauginni

Fyrirsætan Ísold Halldórudóttir er hluti af auglýsingaherferðinni fyrir nýjasta ilm Marc Jacobs. Hún segir að það sé bæði skemmtilegt og lærdómsríkt að starfa sem fyrirsæta en að það sé nauðsynlegt að geta þolað höfnun. →2

Oddur Freyr
Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Fyrirsætan Ísold Halldóru-
dóttir hefur ferðast um
allan heim vegna starfsins
og meðal annars unnið með
þekktum vörumerkjum eins og
Dazed Magazine og Marc Jacobs.
Hún segir að samkeppnin sé hörð
og það sé nauðsynlegt að þola
höfnun, en fyrirsætustörfin hafi
kennt henni að vera stolt af eigin
líkama og elska sjálfa sig.

Ísold, sem verður 24 ára í ágúst,
segist líta á sig sem menningarleg-
an sígauna. „Ég er alltaf á flakki.
En mér finnst erfitt að lýsa sjálfri
mér,“ segir hún. „Hvenær veit
maður í rauninni hver maður er?
Ég er endalaust að þróast og með
tímanum er ég orðin allt öðruvísi
manneskja en ég var fyrir viku
síðan.“

Ísold segir að hún hafi ekki
vitað hvað hana langaði að verða
þegar hún var yngri og að hún
hafi ekki haft áhuga á fyrirsætu-
störfum lengi áður en hún fór að
starfa sem slík. „En ég hef alltaf
verið mjög listnæg og hef þróast
mjög mikið með listinni,“ segir
hún.

Í nýrri herferð Marc Jacobs

Fyrirsætuferillinn hófst svo í lok
ársins 2016. „Ég tók þátt í keppni
fyrir Love Magazine, sem er tíma-
rit úti í Bretlandi. Keppnin var
eftirsótt af fólki um allan heim
því hún bauð upp á tækifæri til
að fá auglýsingu í blaðinu og hún
var mynduð af Kendall Jenner,“
segir hún. „Eftir það hélt ég áfram
að vinna sem fyrirsæta og þó að
byrjunin hafi verið hæg hélt það
ekki aftur af mér og ég lét það ekki
koma í veg fyrir að ég elti drauma
mína.“

Eitt af stærstu verkefnum
mínum var þegar ég vann með
Dazed Magazine í fyrra. Þar birt-
ust 12 blaðsíður af mér í flikum
eftir þekktu hönnuði, þar á meðal
Vivienne Westwood. Það var eitt-
hvað sem ég hafði aldrei upplifað
áður,“ segir Ísold. „En nýjasta og
kannski skemmtilegasta tækifæri-
ð sem ég hef fengið var að vinna
með Marc Jacobs fyrir auglýsinga-
herferð fyrir nýja ilmvatnið hans,
sem fjallar um það hvað það þýðir
að vera fullkomin.“

Ílmurinn ber nafnið Perfect
Marc Jacobs og kemur út í dag, 30.
júli.



Allt eða ekkert í þessu starfi

„Eitt af því skemmtilegasta við
að vinna sem fyrirsæta er að
geta ferðast um allan heim, þó
að maður sé oftast ekki lengi á
hverjum stað,“ segir Ísold. „Eftir
að COVID-19 faraldurinn hófst
hefur mér líka þótt það mjög
áhugavert hvernig það er alltaf
hægt að finna nýjar lausnir til
þess að skapa.“

Ég hef líka lært óskaplega mikið
af þessu starfi. Til dæmis að elska
sjálfa mig fyrir framan myndavél-
ina en ekki bakvið hana. Áður en
ég varð fyrirsæta var ég lengi að
reyna að fela mig og líkama minn,
þrátt fyrir að allir í kringum mig
og ég sjálf vissu að ég væri feit,“
segir Ísold. „Í dag ber ég það með
stolti. Ekki fyrir aðra, heldur fyrir
sjálfa mig, því þetta er mitt líf og
minn líkami.“

Það erfiðasta við þetta starf
er að þurfa mjög oft að vera
undirbúin undir höfnun. Það er
mjög mikil samkeppni um hvert

“Nýjasta og
kannski skemmti-
legasta tækifærið sem ég
hef fengið var að vinna
með Marc Jacobs fyrir
auglýsingaherferð fyrir
nýja ilmvatnið hans,
sem fjallar um það hvað
það þýðir að vera full-
komin.“

verkefni og það getur verið erfitt
að sætta sig við það að fá ekki
þau verkefni sem mann langar í
og dreymir um,“ segir Ísold. „Þú
þarft alltaf að vera að henda þér
út í djúpu laugina með því að
sækjast eftir tækifæri sem allir
hafa áhuga á. Það er ekki hægt að
fela sig eða vera feimin. Það er allt
eða ekkert.“

Gefur öðrum hugrekki


Ísold segir að árangurinn sem hún
hefur náð hingað til sem fyrir-
sæta hafi ekki beint komið henni
á óvart. „Ég held að innst inni geri
ég mér alveg grein fyrir því hvað ég
er búin að vinna mikið fyrir stöðu
minni í dag sem fyrirsæta, en ég
hef líka verið ótrúlega heppin með
verkefni og tek því alls ekki sem
sjálfsögðum hlut,“ segir hún.

Hún veit ekki hvort hún
hafi komið öðrum á óvart með
árangrinum. „Jú, örugglega
svona yfir höfuð. Það finnst ekki
öllum raunhæft að sjá mann-
eskju eins og mig njóta velgengi
í þessum bransa,“ segir hún. „Þó
að ég láti það ekki hafa áhrif á
mína reynslu, þá er það að vissu
leyti mjög mikilvægt að fólk tali
um fjölbreytni og sjái mig bera
höfuðið hátt, því þá finnur það
hugrekki til að gera það sama.“

Núna er kvikmynd næst á dag-
skrá hjá Ísold. „Ég er að undirbúa
mig fyrir að leika aðahlutverk
í kvikmynd sem gerist í Þýska-
landi, en annars er ég alltaf að
sækjast eftir nýjum tækifærum til
þess að breyta heiminum,“ segir
hún að lokum.

Ísold segir að
þrátt fyrir hæga
byrjun á ferl-
inum hafi hún
ekki látið neitt
aftra sér frá því
að elta drauma
sína.

Það erfiðasta
við starf fyrir-
sætunnar er að
þurfa að þola
mikla höfnun,
segir Ísold.
Það er mikil
samkeppni um
hvert verkefni
en það þarf
alltaf að henda
sér út í djúpu
laugina með því
að sækjast eftir
verkefnum
sem allir hafa
áhuga á.



Ísold segist
hafa lært mikið
af starfinu. Til
dæmis það að
elska sjálfa sig
og hætta að
reyna að fela
sig. Á mynd-
unum er hún
klædd í íslenska
hönnun frá
Geysi.



ÚTSALA

30-50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM



LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum
að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og
umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin rit-
stjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður:
Torg ehf. Jóhanna Helga
Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657,
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656,

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna
Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is, s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@
frettabladid.is, s. 550 5768 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s.
550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordis@frettabladid.is, s. 550 5768

Verð: 24.980
Nú: 12.490

Verð: 20.980
Nú: 16.784

Verð: 25.980
Nú: 12.990

Buxnadagar!

20-60%

AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM BUXUM

Atelier
GARDEUR

Verð: 24.980
Nú: 19.984

Verð: 20.980
Nú: 10.490

hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Horft til baka í hausttískunni

Sumarið er fljótt að líða og bráðum verður komið haust með tilheyrandi hausttísku. Fimmti áratugurinn snýr aftur með haustinu að minnsta kosti hvað tískuna áhrærir samkvæmt hönnuðum.

Elín
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Fimmti áratugurinn með tilheyrandi hnésíðum kjólum og pilsum verður fyrirferðarmikill með haustinu. Margir helstu tískuhönnuðir heimsins boða dragtir, jafnt pils- sem buxnadragtir og fallega, kvenlega, hnésíða kjóla. Michael Kors, Prada, Dior, Valentino, Givenchy og Saint Laurent sýndu slíkan fatnað fyrir haust- og vetrartískuna 2020-2021. Tískan verður kvenleg og konur geta farið að nota aftur hanska sem ná upp að olnboga. Tískan eftir stríðsárin á fimmta og í upphafi sjötta áratugar er það sem hönnuðirnir horfa til.

Tískan verður elegant og stíl-hrein. Efnin vönduð og sníðin falleg. Tískan höfðar til flestra kvenna enda eru buxnadragtir þægilegur fatnaður og praktískur. Það má segja að nokkurs konar stríð sé í gangi í heiminum, stríð við COVID-19. Fólk bíður eftir betri tíð, alveg eins og það gerði í stríðslok seinni heimsstyrjaldarinnar. Á meðan karlmennirnir voru á vígvöllum fóru konur í stórum stíl út á vinnumarkaðinn, en við það breyttist klæðnaður þeirra töluvert og ný efni eins og viskós og jersey urðu til í staðinn fyrir silki og ull, sem voru dýr klæði. Ullin var þar að auki notuð í hermannafatnað og silki í fallhlífar.

Hvað sem því líður er gaman að skoða myndir af þeirri tísku sem mun birtast okkur í haust og til samanburðar að kíkja á gamlar myndir af Hollywoodstjörnunni Katharine Hepburn sem var fædd árið 1907 og lék í mörgum frægum kvikmyndum.



Pilsdragt frá Dior sem kynnt var á tiskuviku í París fyrir haust- og vetrartískuna 2020-2021.



Katharine Hepburn árið 1955. Þarna er hún í hnésíðum, köflóttum kjól en marga líka þessum má sjá í hausttískunni fram undan.



Buxnadragt frá Dior sem verður áberandi í hausttískunni. Buxurnar eru víðar. Dragtin var sýnd á tiskuviku í París í lok febrúar, stuttu áður en allt lokaði vegna COVID-19.

MYNDIR/GETTY




Katharine Hepburn í buxnadragt í kringum 1950. Dragtin er ekki ósvipuð þeim sem koma á markað í haust. Þessi glæsilega Hollywoodstjarna kom oft fram í tímaritum og hafði mikil áhrif á kventískuna á sínum tíma, þegar hún var að breytast mjög mikið.



Þessi fallega og kvenlega dragt er frá Altuzarra fyrir 2020-2021.



Glæsileg og kvenleg dragt frá Michael Kors fyrir haustið. Pilsin síkka.



Önnur dragt frá Michael Kors fyrir haustið og veturinn, mjög flott sníð.

LEGSTEINAR

Í MIKLU ÚRVALI



GRANÍT
STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

Tískutau fyrir góða hálsa

Hálstau eru til margs nýtanleg og geta verið til mikillar þrýði. Þau koma í ýmsum stærðum og gerðum, þykktum og lengdum og fólk hefur fundið ótal leiðir til að gera bindishnúta við hæfi.

Jóhanna María
Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is



Í sumum tilfellum er hálstau hluti af einkennisbúningi, í öðrum eru þau notuð sem skrautmunur, og í einstaka tilfellum getur það jafnvel jaðrað við pólitíska yfirlýsingu að skarta ekki bindi.

Tískukóngurinn Loðvík XIV.

Forfaðir hálsbindisins, sem við þekkjum flest vel í dag, er rekjanlegur aftur á sautjándu öld, þar sem króatískir málaliðar í franska hernum skórtuðu litlum, hefðbundnum, hnýttum hálsklútum sem nefndust kravát-klútar. Þessi framandi tíska vakti áhuga Parísarbúa sem þyrsti í nýja tískustraua. Þessi nýja og spennandi tíska stimplaði sig rækilega inn í hefðarlífið þegar Loðvík fjórtándi byrjaði að ganga með kravát-klút upp úr 1646, þegar hann var einungis sjö ára. Stuttu síðar fór tískufyrirbærið eins og eldur í sínu um alla Evrópu. Bæði menn og konur kepptust við að binda upp finofna blúnduklúta eftir kúnstarinnar reglum í slaufur og fallega knúta.

Upp úr 1715 fór svo að bera á nýrri tisku í hálstau. Komu þá fram svokallaðir stokkar og á hugtakið við meðal annars um leðurkraga sem reimaður er saman að aftan. Hermenn skórtuðu þessum krögum til að sýna að þeir bæru höfuðið hátt, en að auki veitti kraginn nokkra vörn fyrir stórar slagæðar í hálsinum gegn byssustingsárásam.

Bindið kemur til sögunnar

Á sama tíma var enn mikill áhugi fyrir því hvernig binda skyldi kravát-klúta sem leiddi af sér blómlega bóka- og bæklíngaugáfu, um hinar ýmsu leiðir til kravát-bindinga. Árið 1818 var gefin út Neckclothitania, sem var handrit með teiknuðu kennsluefni um fjórtán leiðir til þess að binda kravát-klút. Þetta er alla jafna talið fyrsta ritið sem notar orðið „bindi“ í tengslum við hálstau.

Með iðnbyltingunni eða upp úr 1820 jókst krafan um þægilegri, einfaldari og endingarbetri bindi. Fólk vildi hálstau sem voru þægileg og entust út vinnudaginn. Hálsbindin voru því hönnuð til



Myndin er tekin í Borg englanna árið 1977. Sjá má meðlimi hljómsveitarinnar Blondie með söngkonuna Debbie Harry til hægri. Tveir meðlimir skarta reffilegum mjöbindum af mikilli reisn. MYNDR/GETTY IMAGES.



Paul McCartney, John Lennon, George Harrison og Ringo Starr eru flottir með mjöbindin sín í kringum 1962.

að vera lengri og grennri og væri auðvelt að binda saman án þess að þau losnuðu í tíma og ótíma. Þessi tegund hálsbindis er enn þann dag í dag vinsælasta hálstau.

Langsdorfinn mætir á svæðið

Um 1926 fann bindagerðarmaðurinn Jesse Langsdorf upp nýja aðferð við að klippa bindisefnið á ská, á móti því hvernig efnistrefjarnar liggja og sauma bindið saman í þremur pörtum. Þessi tækni jók teygjanleika bindisins og sá til

þess að bindið hélt betur formi sínu. Síðan þá eru flest bindi svokölluð „Langsdorf“-bindi.

Fyrir síðari heimsstyrjöld var bindatískan styttri en hún er í dag, að hluta til vegna þess að buxur voru herra sniðnar. Auknar vinsældir jakkavesta gerðu það einnig að verkum að lengd bindis skipti ekki jafnmiklu máli. Um 1944 urðu bindin bæði þykkari og villtari sem tengist meðal annars heimkomu hermanna, sem voru komnir með nóg af einkennisbúningum



Loðvík XIV. með fylgdarliði sínu. Að sjálfsögðu skarta allir forkunnarföggu hálstau fyrir tíma bindanna.

herþjónustunnar. Bindisþykktin var allt að 13 cm í þvermál og fór að bera á alls konar litríkum myndum, mynstrum og jafnvel landslagsmyndum. Lengdin var í kringum 120 cm.

Mister T

Þetta villta útlit dvínaði upp úr 1951 þegar „Herra T“-útlitið („Mister T“ eins og Esquire-tímaritið nefndi það) var kynnt til sögunnar. Þetta nýja og ferska útlit einkenndist af frammjókkandi jakkafötum,

Bindin lengdust í 130 cm eftir því sem karlar fóru að ganga í buxum sem sátu neðar á mjöðmunum.

grennri boðungum, minni hatta-brik sem og einfaldari og grennri bindum. Bindisþykkt fer niður í ríflega 8 cm og þau héldu áfram að mjökka fram til 1960 í kjölfar vinsælda breskra hljómsveita eins og Bitlanna og the Kinks. Bindin lengdust í 130 cm eftir því sem karlar fóru að ganga í buxum sem sátu neðar á mjöðmunum. Um 1960 voru einlit, dökk og allt niður í 2,5 cm mjó bindi mest í tísku. Svo fór aftur að bera á villtari litum og þykkara hálstau.

Strax um 1970 slógu mjóu bindin aftur í gegn með nýbylgjunni og popphljómsveitum eins og Knack, Blondie og Duran Duran. Upp úr 1980 og fram til 1990 fór einnig að bera á grínbindum og bindum sem skórtuðu meðvitað hallærislegu mynstri og myndum.

Seint á títunda áratugnum tóku tveir menn að nafni Thomas Fink and Yong Mao, sig til á vegum Cambridge Cavendish rannsóknarstofunnar og svöruðu aldagamalli spurningu, sem hafði líklega legið þungt á mörgum, um fjölda leiða til þess að binda bindi. Þessir fræknu menn notuðu stærðfræðilíkan til þess að finna út hina 85 hnúta sem mögulegir eru, þegar kemur að bindingu hálsbindis. Rannsóknir þeirra miðuðust við að hreyfingar við bindishnútagerðina væru eigi fleiri en níu, þar sem fleiri yrðu til þess að hnúturinn yrði of stór eða endarnir of stuttir. Af þessum 85 hnútum völdu Mao og Fink þrettán bindishnúta með aðferðum fagurfræðinnar og útnefndu sem þá nothæfustu. Af þessum þrettán eru fjórir algengastir enn í dag, og er hinn svokallaði „fjórir í hendi“ þeirra allra vinsælastur. Einnig eru þar á meðal Pratt hnúturinn, hálfur Windsor hnútur og svo Windsor hnútur. Upp úr 2000 þróast meðalþvermál binda í að vera um 9-9,5 cm og hefðbundin lengd binda í um 140 cm. Tískan er afar fjölbreytt þegar kemur að mynstrum, myndum og litum.

HJÓLABLAÐ

Föstudaginn 7. ágúst gefur Fréttablaðið út sérblaðið Hjólablað.

Í þessu skemmtilega blaði er fjallað um allt sem viðkemur hjólreiðum á Íslandi. Allir sem stunda hjólreiðar að einhverju marki munu finna áhugavert efni í blaðinu.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Arnar Magnússon sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5652 / arnarm@frettabladid.is



Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Nýir 2020 Mitsubishi Outlander PHEV. Flottur lúxus bíll á lægra verði en jepplingur. 800.000 undir listaverði á kr. 5.890.000,- 5 ára ábyrgð. Til sýnis á staðnum í nokkrum litum.

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Bátar

MARÁS

TOHATSU
UTANBORDSMÓTORAR



Léttir Fyrirferðalítlir Hjóðalítir
Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

viðspá á þessum
barnaheill
og hefur verið mikið í boði

Þjónusta

Garðyrkja

SLÁTTUVÉLAVIÐGERÐIR & SMÁVÉLAVIÐGERÐIR



Áratuga reynsla í viðgerðum á smávélum
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafli., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Húsviðhald

Rúnar múrari
Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna. s. 780 2838.

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

VIÐHALD FASTEIGNA
Tökum að okkar viðhald fasteigna ásamt nýsmíði. Einnig pipulagnir, flíslagnir, múrviðgerðir, málningarvinna og gluggaviðgerðir.
Uppl. í s. 780 3344 eða netfangið mavar@mavar.is

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjódum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

STIGA Einstök gæði

Stiga TwinClip 50SQB
Lúxus sláttuvél með drifi B&S motor 625EXI, 2,27kW
Tvískiptur hnifur, slær X-smátt 70 ltr. notendavænn graskassi Frábær sláttuvél

Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vevtrarsol.is



Humar, Ferskur Lax, Rísarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, útihúðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolla. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl. hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122

Húsnæði

Húsnæði í boði

Til leigu einstaklingsherbergi á svæði 201 með aðgangi að eldhúsi, wc, þvottavél og þurrkara. Leiga 60þ. á mán. Laust 5. ágúst. Uppl í s: 893-3475

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Parftu að ráða?

ráðum ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Þú ert ráðin/n!

Uppáhaldssetningin okkar hjá FAST ráðningum

www.fastradningar.is

FAST

Ráðningar

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

PARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIR TÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

viftur.is

Viftur • Blíkrör • Aukahlutir

ishúsið

S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Haðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is



MOSFELLSBÆR

Efnistaka í Seljadalsnámu í Mosfellsbæ

Mat á umhverfisáhrifum. Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun og athugasemdafrestur.

Drög að tillögu að matsáætlun, athugasemdafrestur frá 31. júlí til og með 14. ágúst 2020.

Efni hefur verið unnið í Seljadalsnámu með hléum frá árinu 1986. Umhverfismat fyrir námuna hefur áður farið fram og lauk því með álit Skipulagsstofnunar árið 2014. Nú stendur til að stækka vinnsluvæði námunnar og er nauðsynlegt að fjalla um viðbótina í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.


Drög að tillögu að matsáætlunum eru nú birt til kynningar á heimasíðu Mosfellsbæjar, www.mos.is, og heimasíðu verkfræðistofunnar EFLU, www.efla.is.

Allir geta gert athugasemdir við drögin á fyrrnefndu tímabili. Koma skal rafrænum athugasemdum til Önnu R. Arnardóttur hjá EFLU verkfræðistofu á netfangið anna.rut.arnardottir@efla.is.

Skriflegar athugasemdir skal merkja „Seljadalsnáma - Efnistaka“ og senda til Önnu Rutar Arnardóttur, EFLA Verkfræðistofa, Lynghálslí 4, 110 Reykjavík.



Pverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi


HAGVANGUR
hagvangur.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í
Atvinnublaðinu nær þitt
fyrirtæki til **89%** lesenda
dagblaða* á höfuð-
borgarsvæðinu.



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

*Frettablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentmæling Gallup, jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum 18-49 ára.



Mjólkurbikarinn

MJÓLKURBIKAR KARLA 16 LIÐA ÚRSLIT



FIMMTUDAG 17:20

SPORT 3




FIMMTUDAG 17:50

SPORT



FIMMTUDAG
20:00

SPORT 3



FÖSTUDAG
19:05

SPORT



SPORT

Tryggðu þér áskrift í dag á stod2.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Ferðalagið byrjar í Bónus



75 kr. DÓSIN

750 kr./kassinn

Kristall 10 x 330 ml
2 tegundir



75 kr. DÓSIN

750 kr./kassinn

Pepsi 10 x 300 ml
Pepsi Max 10 x 300 ml



98 kr./500 ml

UpGrade
500 ml - 4 tegundir

Vinsælasti hamborgarinn í Bónus



2X
120 g

498 kr.

Smash Style Ungnauta Hamborgarar
120 g x 2 - verð áður 539 kr.



4X
330 ml

129 kr./pk

